BYGGÐASTOFNUN

Strandveiðar

Samantekt vegna breytinga á strandveiðikerfinu



Þróunarsvið Byggðastofnunar ágúst 2020

Texti og gagnavinnsla: Sigurður Árnason

Efnisyfirlit

Inngangur 3
Samantekt 4
Fjöldi strandveiðibáta 5
Dreifing strandveiðiafla eftir höfnum og árum 6
Fjöldi báta eftir höfnum og árum 9
Hlutdeild strandveiða í helstu strandveiðihöfnum eftir árum. 11
Öryggi á strandveiðum 12
Viðhorfskönnun meðal strandveiðisjómanna 13
Viðauki 1 18
Viðauki 2 24
Viðauki 3 34
Viðauki 4 41

Inngangur

Með bréfi dagsettu þann 22. nóvember 2019 óskaði Lilja Rafney Magnúsdóttir, f.h. atvinnuveganefndar Alþingis, eftir því „að Byggðastofnun gerði ítarlega úttekt á reynslu síðustu tveggja strandveiðitímabila, þ.e. tímabilin 2018 og 2019, með hliðsjón af þeim breytingum sem gerðar voru á strandveiðikerfinu. Í úttektinni verði lögð áhersla á byggðafestu, öryggismál, útkomu mismunandi landshluta, sveigjanleika í kerfinu og fiskgengd innan veiðisvæða á tímabilinu. Vel verði farið yfir hvað hafi áunnist með breytingunum og hvað má gera betur.“

Kallað var eftir upplýsingum frá Fiskistofu varðandi hvaða bátar hefðu verið með strandveiðileyfi árin 2010-2019, fyrir hvert ár fyrir sig, þ.e. nafn báts, einkennisnúmer, skipaskrárnúmer, heiti útgerðar, kennitölu útgerðar, heimilisfang útgerðar og heimahöfn báts. Sömuleiðis var kallað eftir upplýsingum um landaðan afla strandveiðibáta árin 2010-2019 eftir höfnum, fisktegundum og fjölda báta í hverjum mánuði.

Sendar voru fyrirspurnir til forsvarsmanna allra þeirra hafna þar sem strandveiðiafla hafði verið landað að einhverju marki.

Send var fyrirspurn til Rannsóknarnefndar samgönguslysa varðandi alvarleg slys á fólki við strandveiðar. Þá var óskað eftir upplýsingum frá Samgöngustofu um fjölda einstaklinga sem voru lögskráðir á strandveiðar eftir árum og aldurssamsetningu þeirra. Í svari frá Samgöngustofu kom fram að gera þyrfti sérkeyrslu á gagnagrunn um lögskráningu til að ná þessu gögnum út og kostnaður við það væri umtalsverður. Því var fallið frá því að fá þessar upplýsingar.

Send var út viðhorfskönnun á 629 aðila sem voru með strandveiðileyfi sumarið 2019. Samtals bárust 275 svör sem eru ríflega 40% þeirra sem spurðir voru.

Samantekt

Strandveiðitímabilið 2018 fækkaði bátum um 46 en fjölgaði síðan aftur árið 2019 um 72 og voru þá orðnir 26 fleiri en þeir voru árið 2017. Ef litið er á einstök svæði, annars vegar árið 2017 og hins vegar árið 2019 þá hafa almennt ekki orðið miklar breytingar. Þó er hægt að greina mun á milli svæða. Á fyrri árum má sjá sveiflur á milli ára og því varhugavert að draga of miklar ályktanir af þeim breytingum.

Ef árin 2016 og 2017 eru lögð saman og borin saman við árin 2018 og 2019 þá jókst afli á Snæfellsnesi um 570 tonn, um 380 tonn á sunnanverðum Vestfjörðum, um 370 tonn á norðanverðum Vestfjörðum og um 240 á Hornafirði. Samdráttur varð mestur á sunnanverðu Austurlandi um 600 tonn og á Ströndum þar sem samdrátturinn var 450 tonn.

Hlutfallslega voru langmestu áhrifin á hafnir á Norðurfirði í Árneshreppi. Þar hefur hlutfall strandveiðiafla verið í kringum 90% af lönduðum afla undanfarin ár. Á Akranesi, Arnarstapa, Patreksfirði, Grímsey, Húsavík, Þórshöfn og Bakkafirði skipta strandveiðar verulegu máli fyrir hafnirnar. Því til viðbótar nefndu nokkrir forsvarsmenn hafna að strandveiðar gæfu höfnunum ákveðið líf yfir sumarmánuðina.

Helstu niðurstöður könnunar meðal strandveiðisjómanna:

- 44% svarenda voru 60 ára og eldri – 28% voru undir fimmtugu.
- 40% höfðu verið á strandveiðum níu tímabil eða fleiri – 11% voru á fyrsta eða öðru tímabili.
- 52% höfðu stundað sjómennsku í meira en 30 ár – 15% í 10 ár eða minna.
- 86% töldu strandveiðar mikilvægar fyrir fjárhagslega afkomu fjölskyldu sinnar.
- Ríflega helmingur svarenda töldu að strandveiðar hefðu gefið yfir 40% af heildartekjum sínum.
- Yfirgnæfandi meirihluti hafði mikla ánægju af strandveiðum.
- Vestlendingar og Vestfirðingar voru ánægðastir með breytingarnar sem gerðar voru á strandveiðikerfinu en Norðlendingar og Austfirðingar síður þó meirihluti þeirra teldu breytingar á kerfinu til bóta.
- Helsta gagnrýni sem kom fram á breytingarnar fyrir norðan og austan var að kerfið ætti ekki að vera í einum potti vegna mismunandi fiskgengdar á milli svæða. Sú staða gæti komið upp að væri veður gott í maí og júní fyrir sunnan og vestan gæti stærstur hluti pottsins verið veiddur þar.
- Fram komu hugmyndir á sunnan- og vestanverðu landinu um að byrja fyrr á vorin og á norðan- og austanverðu landinu að bæta september við strandveiðitímabilið.
- Margir nefndu að það þyrfti að fjölga veiðidögum. T.d. að bæta við sunnudögum, rauðum dögum eða að menn mættu velja hvaða daga þeir réru.
- Fram komu hugmyndir um að stækka skammtinn sem taka mætti í hverjum túr eða mega taka tvöfaldan skammt og nota tvo daga á móti til að auka hagkvæmni og minnka kolefnisspor. Einnig voru hugmyndir um að skammtarnir væru reiknaðir niður á viku eða mánuð.
- Fram komu tillögur um að afnema svæðaskiptinguna.
- Nokkrir þátttakenda nefndu að strandveiðar / veiðar handfærabáta ættu að vera frjálsar.
- Nokkrar ábendingar komu fram að það þyrfti að fylgjast betur með því að eigendur séu sjálfir á bátunum.

Fjöldi strandveiðibáta

Á fyrsta ári strandveiða voru 747 bátar með leyfi, urðu flestir 761, en fæstir árið 2018 þegar þeir voru 557. Sumarið 2019 voru 629 strandveiðibátar við veiðar. Sé bátunum skipt niður eftir heimilisfangi útgerðar eða útgerðarmanns er skiptingin eins og segir í töflunum hér að neðan. Strandveiðitímabilið 2018 fækkaði bátum um 46 en fjölgaði síðan aftur árið 2019 um 72 og voru þá orðnir 26 fleiri en þeir voru árið 2017. Ef litið er á einstök svæði, annars vegar árið 2017 og hins vegar árið 2019 þá hafa ekki orðið miklar breytingar. Bátum fjölgaði um 10 í Húnavatnssýslu og um nokkra báta á sunnanverðu Vesturlandi, sunnanverðum Vestfjörðum, Eyjafirði án Akureyrar og á Suðurlandi. Á milli þessara ára fækkaði um fimm báta á hvoru svæði, á Ströndum og sunnanverðum Austfjörðum. Ef skoðaðar eru tölur frá fyrri árum má sjá sveiflur á milli ára og því varhugavert að draga of víðtækar ályktanir af þessum tölum.

Fjöldi strandveiðibáta eftir landshlutum og árum

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Höfuðborgarsvæðið	120	100	109	97	88	79	94	80	79	82
Suðurnes	64	60	61	52	45	48	43	37	40	42
Vesturland	118	123	135	124	118	104	102	91	88	95
Vestfirðir	140	141	157	140	129	140	149	138	115	139
Norðurland vestra	31	35	37	31	33	27	36	34	26	43
Norðurland eystra	145	116	133	116	118	119	109	97	94	101
Austurland	99	91	102	96	91	93	99	85	77	79
Suðurland	30	24	27	24	28	31	38	41	38	48
Samtals:	**747**	**690**	**761**	**680**	**650**	**641**	**670**	**603**	**557**	**629**

Fjöldi strandveiðibáta eftir svæðum og árum

	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Höfuðborgarsvæðið	120	100	109	97	88	79	94	80	79	82
Suðurnes	64	60	61	52	45	48	43	37	40	42
Akranes, Borgarfj.og Dalir	35	25	28	22	22	18	24	20	21	25
Snæfellsnes	83	98	107	102	96	86	78	71	67	70
S-Vestfirðir	53	47	52	47	42	38	39	40	38	44
N-Vestfirðir	67	71	76	65	63	79	82	71	57	73
Strandir	20	23	29	28	24	23	28	27	20	22
Húnavatnssýslur	11	14	17	13	15	9	19	19	17	29
Skagafjörður	20	21	20	18	18	18	17	15	9	14
Eyjafjörður án Akureyrar	64	42	50	43	43	47	41	39	40	44
Akureyri	27	23	31	28	28	27	23	21	16	17
Þingeyjarsýslur	54	51	52	45	47	45	45	37	38	40
N-Austurland	32	23	24	21	21	25	31	29	25	28
S-Austurland	67	68	78	75	70	68	68	56	52	51
Skaftafellssýslur	11	8	9	10	11	11	17	16	16	18
Vestmannaeyjar	13	9	9	6	6	9	10	13	11	14
Árnes- og Rangárvallasýslur	6	7	9	8	11	11	11	12	11	16
Samtals:	**747**	**690**	**761**	**680**	**650**	**641**	**670**	**603**	**557**	**629**

Dreifing strandveiðiafla eftir höfnum og árum

Afli á strandveiðum var 9.123 tonn árið 2016. Hann fór í í 10.293 tonn árið 2019 sem er aukning um 1.170 tonn. Ef árin 2016 og 2017 eru lögð saman og borin saman við árin 2018 og 2019 þá jókst afli á Snæfellsnesi um 570 tonn, um 380 tonn á sunnanverðum Vestfjörðum, um 370 tonn á norðanverðum Vestfjörðum og um 240 tonn á Hornafirði. Samdráttur varð mestur á sunnanverðu Austurlandi um 600 tonn og á Ströndum þar sem samdrátturinn var 450 tonn. Þá drósti afli á Norðanverðu Austurlandi saman um 90 tonn og á Suðurnesjum um 30 tonn.

Afli, óslægður upp úr sjó, eftir landshlutum og árum											
	2010	**2011**	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**	**2019**	**Samtals**
Höfuðborgarsv.	181	170	202	187	153	131	97	123	162	215	**1.621**
Suðurnes	534	760	784	723	632	464	521	494	511	470	**5.893**
Vesturland	1.081	1.449	1.476	1.420	1.287	1.195	1.415	1.332	1.654	1.810	**14.121**
Vestfirðir	1.369	2.179	2.332	2.323	2.285	2.431	3.062	3.239	3.414	3.182	**25.816**
Norðurland vestra	492	695	527	588	691	701	622	698	613	754	**6.379**
Norðurland eystra	1.589	1.625	1.651	1.558	1.776	1.688	1.492	1.788	1.705	1.829	**16.703**
Austurland	870	1.351	1.382	1.395	1.451	1.442	1.371	1.384	987	1.069	**12.701**
Suðurland	265	343	399	475	468	511	543	751	739	964	**5.457**
Aðrir staðir	0	0	1	0	0	6	0	0	0	0	**7**
Samtals	**6.381**	**8.574**	**8.755**	**8.668**	**8.742**	**8.568**	**9.123**	**9.808**	**9.786**	**10.293**	**88.698**

Afli, óslægður upp úr sjó, eftir svæðum og árum											
	2010	**2011**	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**	**2019**	**Samtals**
Höfuðborgarsv.	181	170	202	187	153	131	97	123	162	215	**1.621**
Suðurnes	534	760	784	723	632	464	521	494	511	470	**5.893**
Akranes	116	142	173	139	169	167	151	176	209	261	**1.701**
Snæfellsnes	965	1.308	1.303	1.281	1.118	1.028	1.264	1.156	1.445	1.549	**12.419**
S-Vestfirðir	557	769	754	722	842	669	962	1.255	1.386	1.211	**9.126**
N-Vestfirðir	605	805	826	876	926	1.207	1.258	1.278	1.509	1.394	**10.684**
Strandir	207	606	752	726	516	555	842	706	520	576	**6.006**
Húnavatnssýslur	345	462	331	344	434	470	456	552	489	533	**4.417**
Skagafjörður	146	233	196	243	256	231	166	145	124	221	**1.962**
Eyjafjörður	812	739	785	720	909	850	647	809	795	757	**7.824**
Þingeyjarsýslur	777	886	866	838	867	838	845	979	911	1.072	**8.879**
N-Austurland	182	283	178	172	248	325	360	411	333	345	**2.838**
S-Austurland	688	1.068	1.204	1.224	1.203	1.116	1.011	972	654	724	**9.864**
Skaftafellssýslur	119	207	260	299	310	289	352	477	458	614	**3.385**
Vestmannaeyjar	100	88	63	70	44	99	61	140	118	170	**953**
Þorlákshöfn	46	49	77	106	114	122	130	133	163	180	**1.119**
Aðrir staðir	0	0	1	0	0	6	0	0	0	0	**7**
Samtals:	**6.381**	**8.574**	**8.755**	**8.668**	**8.742**	**8.568**	**9.123**	**9.808**	**9.786**	**10.293**	**88.698**

Afli, óslægður upp úr sjó, eftir höfnum og árum í tonnum											
	2010	**2011**	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**	**2019**	**Samtals**
Reykjavík	66	48	63	60	56	47	30	19	33	60	**481**
Kópavogur	1	10	20	1	0	0	0	0	0	0	**33**
Hafnarfjörður	114	112	120	126	97	84	67	104	129	154	**1.107**
Grindavík	112	195	240	337	224	217	241	188	185	234	**2.173**
Njarðvík	63	37	0	0	0	0	0	0	0	0	**100**
Keflavík	5	0	1	0	0	2	1	20	24	1	**53**
Sandgerði	355	528	543	386	408	245	279	286	302	235	**3.568**
Akranes	116	142	173	139	169	167	151	176	209	261	**1.701**
Arnarstapi	169	176	171	145	122	140	148	188	194	335	**1.788**
Rif	185	227	251	290	260	305	334	296	416	336	**2.901**
Ólafsvík	301	346	348	283	289	211	460	357	502	501	**3.597**
Grundarfjörður	170	350	323	389	334	288	244	203	247	305	**2.853**
Stykkishólmur	140	209	210	173	114	84	79	112	87	72	**1.281**
Brjánslækur	14	22	0	9	20	7	8	0	0	8	**88**
Patreksfjörður	298	450	490	494	524	450	782	941	990	876	**6.296**
Tálknafjörður	120	155	129	91	126	72	52	173	221	188	**1.326**
Bíldudalur	125	142	135	127	172	139	119	141	175	140	**1.415**
Þingeyri	53	116	8	35	3	37	47	9	10	58	**378**
Flateyri	41	28	32	9	48	24	50	67	103	58	**461**
Suðureyri	126	141	158	167	233	237	221	273	260	297	**2.113**
Bolungarvík	255	356	426	398	372	543	600	559	798	775	**5.084**
Ísafjörður	130	161	202	175	164	193	183	188	190	72	**1.657**
Súðavík	0	3	0	91	105	172	157	183	147	133	**990**
Norðurfjörður	83	202	358	347	269	319	545	408	291	420	**3.243**
Drangsnes	77	215	143	109	48	42	79	82	61	51	**905**
Hólmavík	47	189	251	270	199	194	219	216	168	105	**1.858**
Hvammstangi	4	9	0	0	0	0	2	0	0	0	**15**
Blönduós	0	0	0	0	0	0	0	0	6	0	**6**
Skagaströnd	342	453	331	344	434	470	454	552	482	533	**4.396**
Sauðárkrókur	81	155	146	187	173	159	123	114	95	163	**1.394**
Hofsós	65	79	50	57	83	72	43	32	29	58	**567**
Siglufjörður	217	237	296	370	505	412	336	423	349	294	**3.439**
Ólafsfjörður	92	8	0	70	17	46	33	50	29	32	**376**
Grímsey	383	373	306	131	199	223	172	164	255	192	**2.398**
Hrísey	0	0	0	0	0	10	2	1	0	0	**13**
Dalvík	100	115	180	141	181	153	103	170	157	220	**1.522**
Árskógssandur	6	0	2	7	7	0	1	0	0	0	**22**
Hauganes	1	1	0	2	0	5	0	0	3	6	**19**
Akureyri	9	4	0	0	0	0	0	1	1	13	**29**
Grenivík	4	1	0	0	0	0	0	0	0	0	**6**

Húsavík	301	356	315	312	369	297	194	221	162	208	**2.734**
Kópasker	69	78	106	90	59	35	60	30	4	0	**532**
Raufarhöfn	161	169	139	113	114	94	150	180	134	137	**1.391**
Þórshöfn	90	140	128	174	151	141	160	169	219	318	**1.688**
Bakkafjörður	156	143	179	149	173	272	282	379	391	409	**2.534**
Vopnafjörður	57	117	48	36	53	114	113	134	93	40	**806**
Borgarfj.eystri	61	98	58	61	94	135	156	207	200	268	**1.339**
Seyðisfjörður	63	68	71	74	100	76	91	70	40	38	**692**
Mjóifjörður	0	0	13	1	0	0	1	2	4	5	**25**
Neskaupstaður	127	130	168	196	162	295	291	247	182	271	**2.069**
Eskifjörður	52	59	45	51	73	67	97	104	62	43	**653**
Fáskrúðsfjörður	40	63	12	8	0	0	0	0	0	0	**124**
Stöðvarfjörður	236	455	432	376	342	254	185	139	67	120	**2.605**
Breiðdalsvík	87	102	175	253	206	138	96	92	109	58	**1.317**
Djúpivogur	146	259	360	339	420	362	340	388	229	227	**3.071**
Hornafjörður	119	207	260	299	310	289	352	477	458	614	**3.385**
Vestmannaeyjar	100	88	63	70	44	99	61	140	118	170	**953**
Þorlákshöfn	46	49	77	106	114	122	130	133	163	180	**1.119**
Aðrir staðir	0	0	1	0	0	6	0	0	0	0	**7**
Samtals:	**6.381**	**8.574**	**8.755**	**8.668**	**8.742**	**8.568**	**9.123**	**9.808**	**9.786**	**10.293**	**88.698**

Fjöldi báta eftir höfnum og árum

Meðalfjöldi báta á mánuði eftir höfnum og árum.											
	2010	**2011**	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**	**2019**	Meðaltal
Reykjavík	14,00	6,75	17,75	9,50	13,25	9,75	7,50	4,25	6,25	5,00	**9,40**
Kópavogur	0,75	1,75	1,25	0,25	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	**0,40**
Hafnarfjörður	21,50	13,00	18,50	23,25	19,75	16,00	10,50	8,75	11,50	15,50	**15,83**
Grindavík	15,25	16,50	22,75	24,00	19,00	16,50	18,25	12,75	13,00	13,50	**17,15**
Njarðvík	13,25	6,25	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	**1,95**
Keflavík	2,50	0,00	0,25	0,25	0,00	0,25	0,25	0,25	3,00	0,50	**0,73**
Sandgerði	44,75	48,75	54,50	40,00	38,75	27,75	31,50	25,50	26,00	23,50	**36,10**
Akranes	19,25	15,75	16,25	12,75	16,00	12,00	13,50	10,25	12,25	18,25	**14,63**
Arnarstapi	17,00	16,00	16,75	15,00	10,50	13,75	11,00	12,50	8,25	16,50	**13,73**
Rif	17,50	20,75	26,75	33,25	23,00	25,25	26,25	19,25	20,50	20,50	**23,30**
Ólafsvík	28,00	28,00	33,25	26,75	22,75	21,00	33,25	27,25	27,50	29,75	**27,75**
Grundarfjörður	15,50	30,25	31,25	37,75	33,25	27,75	20,75	13,50	12,50	15,00	**23,75**
Stykkishólmur	20,25	25,75	30,50	28,50	18,00	13,25	12,50	10,75	8,00	7,25	**17,48**
Brjánslækur	2,50	3,00	0,00	1,25	2,00	1,00	1,00	0,00	0,00	1,25	**1,20**
Patreksfjörður	27,00	32,00	48,00	43,75	37,25	34,75	54,75	50,25	44,75	40,25	**41,28**
Tálknafjörður	10,75	10,25	11,25	7,25	8,00	5,25	3,50	9,75	9,75	12,00	**8,78**
Bíldudalur	11,25	10,00	13,00	10,50	10,75	9,50	7,50	7,25	7,50	7,00	**9,43**
Þingeyri	5,25	9,00	1,25	3,25	0,25	3,00	2,75	0,75	1,00	3,50	**3,00**
Flateyri	4,75	2,75	3,75	1,00	3,50	2,25	3,50	4,25	5,75	6,00	**3,75**
Suðureyri	12,75	12,50	14,50	16,75	21,25	23,25	16,50	18,50	15,25	23,00	**17,43**
Bolungarvík	26,00	28,50	36,50	31,75	28,00	32,75	37,50	33,25	32,00	40,50	**32,68**
Ísafjörður	17,00	14,00	19,25	16,00	14,00	13,00	12,25	11,25	7,00	8,25	**13,20**
Súðavík	0,00	0,25	0,00	5,00	6,00	9,50	9,00	9,25	5,50	7,50	**5,20**
Norðurfjörður	6,75	15,25	22,25	19,00	14,50	16,25	24,75	22,25	15,25	22,50	**17,88**
Drangsnes	8,00	13,25	12,50	8,25	4,25	3,75	7,00	5,00	3,50	4,00	**6,95**
Hólmavík	4,00	12,25	17,50	16,00	15,00	13,50	14,00	13,75	10,00	9,00	**12,50**
Hvammstangi	1,75	1,75	0,00	0,00	0,00	0,00	0,50	0,00	0,00	0,00	**0,40**
Blönduós	0,25	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,50	0,00	**0,08**
Skagaströnd	23,25	25,25	25,00	20,00	23,25	26,00	27,00	25,75	21,00	29,50	**24,60**
Sauðárkrókur	9,50	11,25	12,25	12,25	10,75	9,50	10,50	8,25	6,00	11,25	**10,15**
Hofsós	9,50	6,25	9,75	4,00	5,00	6,00	4,50	2,25	1,50	4,75	**5,35**
Siglufjörður	26,75	24,50	34,50	31,25	40,00	39,75	33,50	28,00	23,25	21,75	**30,33**
Ólafsfjörður	11,75	2,00	0,00	3,75	1,75	5,75	4,00	4,50	2,75	3,25	**3,95**
Grímsey	24,50	17,50	19,75	8,75	11,25	12,75	12,50	10,25	12,00	8,50	**13,78**
Hrísey	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,75	0,25	0,50	0,00	0,00	**0,15**
Dalvík	21,25	18,00	26,25	24,25	20,75	18,75	16,00	15,50	14,25	18,50	**19,35**
Árskógssandur	0,25	0,00	0,25	1,00	0,75	0,00	0,50	0,00	0,00	0,00	**0,28**
Hauganes	0,25	0,50	0,25	0,75	0,00	1,00	0,00	0,00	0,25	0,50	**0,35**
Akureyri	2,75	1,75	0,25	0,00	0,00	0,25	0,00	0,75	0,50	1,50	**0,78**
Grenivík	2,25	0,25	0,00	0,00	0,00	0,00	0,00	0,25	0,00	0,00	**0,28**

Húsavík	17,00	17,50	17,50	15,50	18,75	15,50	11,25	10,00	7,75	8,50	**13,93**
Kópasker	6,25	5,75	5,50	6,00	4,25	1,00	3,25	2,00	1,25	0,00	**3,53**
Raufarhöfn	11,75	11,25	8,25	7,50	7,75	5,50	9,75	9,25	7,75	6,50	**8,53**
Þórshöfn	7,00	6,50	8,75	7,75	7,00	6,50	8,50	9,00	10,00	14,50	**8,55**
Bakkafjörður	11,50	7,50	10,50	6,75	8,75	13,00	15,25	14,00	18,25	18,25	**12,38**
Vopnafjörður	8,50	8,00	5,50	2,25	3,25	8,00	7,75	6,75	6,25	4,00	**6,03**
Borgarfjörður Eystri	4,50	5,00	4,00	3,75	5,25	7,75	7,25	10,50	10,25	12,00	**7,03**
Seyðisfjörður	8,50	5,25	7,75	7,50	7,50	6,00	8,00	7,25	2,75	3,00	**6,35**
Mjóifjörður	0,25	0,00	1,25	0,25	0,00	0,00	0,25	0,75	0,75	0,75	**0,43**
Neskaupstaður	15,75	10,75	14,25	14,50	12,50	17,25	21,75	15,25	11,00	17,50	**15,05**
Eskifjörður	9,25	5,50	8,25	5,75	7,25	7,00	9,25	7,75	6,00	4,25	**7,03**
Fáskrúðsfjörður	4,25	4,75	2,50	1,75	0,00	0,00	0,00	0,00	0,25	0,00	**1,35**
Stöðvarfjörður	22,50	23,25	29,25	27,75	23,50	16,25	16,50	10,00	4,00	8,00	**18,10**
Breiðdalsvík	7,25	5,75	12,00	14,25	10,75	8,00	6,25	4,75	6,75	4,50	**8,03**
Djúpivogur	13,00	15,25	23,50	18,50	18,00	20,25	19,25	15,50	12,00	10,75	**16,60**
Hornafjörður	10,75	8,25	12,25	11,25	12,00	11,50	17,00	15,50	16,00	18,25	**13,28**
Vestmannaeyjar	11,75	8,00	7,50	5,00	5,25	8,25	6,50	9,75	9,25	11,00	**8,23**
Þorlákshöfn	4,50	2,75	7,00	8,50	7,00	8,25	9,25	6,75	8,50	11,00	**7,35**
Aðrir staðir	0,00	0,00	0,25	0,00	0,00	0,25	0,00	0,00	0,00	0,00	**0,05**

Hlutdeild strandveiða í helstu strandveiðihöfnum eftir árum.

Tekin voru saman gögn af vef Hagstofu Íslands um afla í maí-ágúst ár hvert í þeim höfnum þar sem mestum strandveiðiafla hefur verið landað, sjá töfluna hér að neðan. Sömuleiðis var síðan reiknað út hlutfall strandveiðiafla af öllum lönduðum botn- og flatfiskafla í viðkomandi höfnum.

Gerð var könnun meðal forsvarsmanna hafna varðandi þýðingu strandveiða í viðkomandi byggðarlagi. Segja má að svör forsvarsmanna hafna um mikilvægi strandveiða séu í samræmi við það sem kemur fram í töflunum hér að neðan að því viðbættu að nokkrir nefndu að strandveiðar gæfu höfninni ákveðið líf á yfir strandveiðitímann jafnframt því sem það var nefnt að umsvif og nýting hafnarmannvirkja væri hærra hlutfall en tekjur af þessum veiðiskap.

Langmestu hlutfallslegu áhrifin voru á Norðurfirði í Árneshreppi þar sem hlutfall strandveiðiafla hefur verið í kringum 90% af lönduðum afla undanfarin ár. Á Akranesi, Arnarstapa, Patreksfirði, Grímsey, Húsavík, Þórshöfn og Bakkafirði skipta strandveiðar verulegu máli fyrir hafnirnar.

Afli, óslægður upp úr sjó, í tonnum í maí-ágúst árin 2010-2018 í þeim byggðarlögum þar sem mestum strandveiðiafla var landað.									
	2010	**2011**	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**
Grindavík	17.276	13.485	11.887	11.022	10.509	12.921	11.596	13.637	11.815
Sandgerði	3.947	4.001	3.253	1.450	1.577	2.161	2.108	2.132	1.537
Akranes	303	429	550	339	464	461	358	362	418
Arnarstapi	656	828	467	388	679	681	562	585	642
Rif	3.432	3.697	3.061	3.034	4.027	3.798	3.737	3.245	3.851
Ólafsvík	2.851	3.013	2.255	1.838	2.226	2.484	3.430	3.110	3.517
Grundarfjörður	2.746	3.247	2.223	2.311	2.558	3.679	3.837	3.830	3.826
Patreksfjörður	1.308	2.040	2.315	2.144	1.807	1.948	2.078	2.398	1.872
Suðureyri	1.348	922	937	958	1.541	1.455	1.566	1.762	1.364
Bolungarvík	3.875	4.187	4.871	6.695	5.309	4.732	7.221	7.530	8.194
Ísafjörður	4.779	3.742	4.453	5.184	6.339	6.153	5.225	7.840	6.146
Norðurfjörður	102	241	433	403	302	365	565	433	336
Hólmavík	366	453	447	533	442	420	400	340	425
Skagaströnd	2.550	2.512	3.288	3.535	1.802	4.770	4.089	5.031	5.094
Siglufjörður	3.373	2.920	5.072	4.292	6.663	5.664	6.659	6.526	8.843
Grímsey	1.101	1.443	1.214	1.026	1.008	1.147	982	827	961
Dalvík	2.249	1.164	4.118	4.877	4.996	3.136	6.426	5.990	7.815
Húsavík	1.058	1.167	1.221	953	853	664	585	521	555
Þórshöfn	354	417	457	907	724	845	629	563	617
Bakkafjörður	358	381	342	344	441	590	794	1.062	1.138
Neskaupstaður	4.903	3.715	3.221	4.241	3.100	3.255	3.959	6.687	5.986
Stöðvarfjörður	962	1.258	1.659	2.183	1.672	1.788	2.344	2.024	3.068
Djúpivogur	1.238	1.627	1.262	3.005	2.072	1.472	1.431	2.564	1.508
Hornafjörður	3.002	2.737	3.284	2.481	2.418	2.669	2.590	2.686	2.112

Hlutfall strandveiðiafla af heildarlöndun, botn-og flatfisks í maí-ágúst 2010-2018 í þeim byggðarlögum með mestan strandveiðiafla										
	2010	**2011**	**2012**	**2013**	**2014**	**2015**	**2016**	**2017**	**2018**	**Meðaltal**
Grindavík	0,65%	1,44%	2,02%	3,06%	2,13%	1,68%	2,08%	1,38%	1,57%	**1,70%**
Sandgerði	9,00%	13,21%	16,70%	26,62%	25,89%	11,32%	13,25%	13,41%	19,62%	**15,03%**
Akranes	38,28%	32,98%	31,40%	41,02%	36,41%	36,14%	42,13%	48,56%	49,99%	**39,10%**
Arnarstapi	25,71%	21,24%	36,69%	37,44%	18,01%	20,58%	26,30%	32,15%	30,15%	**26,48%**
Rif	5,40%	6,13%	8,20%	9,56%	6,45%	8,04%	8,94%	9,13%	10,81%	**8,04%**
Ólafsvík	10,55%	11,49%	15,42%	15,41%	12,99%	8,50%	13,40%	11,47%	14,26%	**12,52%**
Grundarfjörður	6,20%	10,79%	14,52%	16,83%	13,05%	7,82%	6,35%	5,31%	6,46%	**9,02%**
Patreksfjörður	22,78%	22,05%	21,17%	23,04%	29,00%	23,12%	37,65%	39,25%	52,89%	**30,26%**
Suðureyri	9,33%	15,25%	16,85%	17,44%	15,15%	16,30%	14,10%	15,51%	19,09%	**15,32%**
Bolungarvík	6,59%	8,50%	8,75%	5,94%	7,01%	11,48%	8,32%	7,43%	9,74%	**8,19%**
Ísafjörður	2,72%	4,29%	4,53%	3,38%	2,59%	3,14%	3,50%	2,39%	3,09%	**3,18%**
Norðurfjörður	80,89%	84,00%	82,77%	86,06%	89,15%	87,49%	96,46%	94,19%	86,73%	**88,77%**
Hólmavík	12,96%	41,62%	56,15%	50,68%	44,95%	46,26%	54,66%	63,63%	39,44%	**45,81%**
Skagaströnd	13,40%	18,02%	10,07%	9,73%	24,10%	9,86%	11,11%	10,98%	9,47%	**11,82%**
Siglufjörður	6,44%	8,12%	5,84%	8,62%	7,57%	7,28%	5,04%	6,48%	3,95%	**6,29%**
Grímsey	34,80%	25,81%	25,19%	12,72%	19,78%	19,47%	17,52%	19,86%	26,57%	**22,72%**
Dalvík	4,45%	9,90%	4,37%	2,88%	3,63%	4,89%	1,61%	2,83%	2,01%	**3,19%**
Húsavík	28,46%	30,52%	25,83%	32,75%	43,21%	44,67%	33,10%	42,36%	29,21%	**33,34%**
Þórshöfn	25,32%	33,56%	27,94%	19,16%	20,88%	16,64%	25,38%	29,99%	35,46%	**24,85%**
Bakkafjörður	43,67%	37,42%	52,23%	43,44%	39,32%	46,06%	35,57%	35,70%	34,37%	**38,99%**
Neskaupstaður	2,59%	3,50%	5,22%	4,61%	5,23%	9,05%	7,36%	3,70%	3,04%	**4,60%**
Stöðvarfjörður	24,56%	36,17%	26,02%	17,20%	20,43%	14,20%	7,90%	6,86%	2,19%	**14,65%**
Djúpivogur	11,80%	15,91%	28,49%	11,30%	20,26%	24,62%	23,76%	15,14%	15,22%	**17,58%**
Hornafjörður	3,95%	7,56%	7,90%	12,06%	12,82%	10,84%	13,58%	17,77%	21,69%	**11,56%**

Öryggi á strandveiðum

Send var fyrirspurn á Rannsóknarnefnd samgönguslysa þar sem óskað var eftir upplýsingum um fjölda alvarlegra slysa á strandveiðibátum. Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur 216 atvik skráð vegna strandveiðibáta frá árinu 2009. Flest þeirra sem eru á skrá eru vegna vélarvandræða, leka o.s.frv.

Eitt banaslys hefur orðið á strandveiðum en það var í maí 2016.[1]

Ljóst er af svörum strandveiðisjómanna í viðhorfskönnun, sem lögð var fyrir og farið er yfir í kaflanum hér á eftir, að öryggismál eru þeim ofarlega í huga. Þar koma fram ábendingar sem snúa að því að fyrirkomulag strandveiða megi ekki leiða til þess að menn sæki sjó í vondum veðrum með tilheyrandi áhættu.

[1] Rannsóknarnefnd sjóslysa, Skýrsla um sjóslys 11. maí 2016. http://www.rnsa.is/media/3734/03016-brekkunes-is-110doc.pdf

Viðhorfskönnun meðal strandveiðisjómanna

Viðhorfskönnun var send bréflega á þá 629 aðila sem voru með strandveiðileyfi síðasta sumar. Samtals voru 12 bréf endursend vegna ófullnægjandi upplýsinga um heimilisfang eða gjaldþrots fyrirtækis. Heildarfjöldi var því 617. Samtals bárust 275 svör sem er 44,6% svarhlutfall. Þátttakendur svöruðu könnuninni á vefsvæðinu surveymonkey.com.

Eftirfarandi spurningar voru í könnuninni:


- Kyn, aldur, búseta (póstnúmer).
- Hvað hefur þú stundað strandveiðar í mörg tímabil?
- Hvað hefur þú stundað sjómennsku í mörg ár?
- Hversu mikilvægar voru strandveiðar síðastliðið sumar fyrir fjárhagslega afkomu þína og fjölskyldu þinnar?
- Hversu hátt hlutfall telur þú að tekjur af strandveiðum hafi verið af heildartekjum þínum á síðasta ári?
- Hversu mikla ánægju hafði þú af strandveiðum síðastliðið sumar?
- Hver er þín skoðun á núverandi reglum um strandveiðar í samanburði við það kerfi sem lagt af var af 2017?
- Telur þú að hægt sé að auka hagkvæmni strandveiða miðað við óbreytt heildarmagn? Ef svo er, hvernig?
- Telur þú að hægt sé að draga úr kolefnisspori strandveiða? Ef svo er, hvernig?
- Þegar horft er til framtíðarþróunar strandveiðikerfisins, hvaða breytingar telur þú mest aðkallandi að verði gerðar?

Kyn svarenda

Líkt og búast mátti við voru næstum öll svör sem bárust frá körlum eða 273 af 275. Ekki er því mögulegt að nota kynjabreytuna til að flokka svör.


Aldur svarenda

Tæpur þriðjungur svarenda er á aldrinum 60-69 ára en næststærsti hópurinn er 50-59 ára. Samtals voru því tæplega 60% svarenda í þessum tveimur aldurshópum. Athygli vekur að fleiri svarendur eru 70 ára og eldri heldur en þeir sem eru 39 ára og yngri.




Hvað hefur þú stundað strandveiðar í mörg tímabil?

Ríflega 40% svarenda hafa stundað strandveiðar í 9 tímabil eða fleiri. Hins vegar sögðust aðeins tæplega 11% hafa verið á fyrsta eða öðru ári í strandveiðum. Flestir þeirra sem höfðu aðeins stundað strandveiðar í eitt eða tvö tímabil voru búsettir á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu. Aðrir skiptast nokkuð jafnt á milli þess að hafa verið 3-4 ár, 5-6 ár og 7-8 ár.




Hvað hefur þú stundað sjómennsku í mörg ár?

Ríflega 30% höfðu stundað sjómennsku í 41 ár eða meira. Þeir sem höfðu verið lengst á sjó sögðust hafa verið í um 60 ár. Ríflega fimmtungur sagðist hafa verið á sjó í 31-40 ár. Skipting á milli hinna hópanna þriggja er nokkuð jöfn, 14-19%.




Hversu mikilvægar voru strandveiðar síðastliðið sumar fyrir fjárhagslega afkomu þína og fjölskyldu þinnar?

Yfirgnæfandi meirihluti í öllum landshlutum sögðu að strandveiðar hefðu annað hvort verið mjög eða frekar mikilvægar fyrir fjárhagslega afkomu sína og sinna síðastliðið sumar. Hlutfallið er marktækt hærra á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra en annars staðar á landinu.




Hversu hátt hlutfall telur þú að tekjur af strandveiðum hafi verið af heildartekjum þínum á síðasta ári?

Tæplega þriðjungur taldi að tekjur af strandveiðum hefðu verið 41-60% af heildartekjum sínum á síðasta ári. Um fimmtungur taldi þær hafa verið yfir 60% af heildartekjum sínum á nýliðnu ári. Mjög takmörkuð fylgni var milli hlutfalls tekna og þess hversu miklu máli svarendur töldu að strandveiðar hefðu skipt um fjárhagslega afkomu fjölskyldu sinnar (sjá svar að ofan).




Hversu mikla ánægju hafði þú af strandveiðum á síðastliðið sumar?

Yfirgnæfandi meirihluti sagðist hafa haft annað hvort mikla eða mjög mikla ánægju af strandveiðum síðastliðið sumar. Á Norðurlandi sagðist tíundi hver hafa haft frekar litla, mjög litla eða enga ánægju af strandveiðum síðastliðið sumar.



Hver er þín skoðun á núverandi reglum um strandveiðar í samanburði við það kerfi sem lagt var af 2017?

Um var að ræða opna spurningu þar sem svör voru flokkuð í jákvæð, hlutlaus, neikvæð og svarar ekki. Yfirgnæfandi meirihluti taldi að breytingarnar hefðu verið til góðs eða a.m.k. að kerfið hefði verið skárra, eins sumir orðuðu það, eftir breytingarnar. Ánægðastir með breytingarnar voru Vestfirðingar og Vestlendingar en minnst var ánægja með breytingarnar á Norðurlandi eystra og Austurlandi þrátt fyrir að meirihluti í öllum landshlutum teldi breytingarnar til batnaðar. Á Austurlandi tjáðu ríflega 31% óánægju með breytingarnar, 27% á Norðurlandi eystra og 26% á Norðurlandi vestra. Í svörum þeirra sem voru óánægðir á þessum svæðum komu fram skoðanir um að kerfið ætti ekki að vera í einum potti m.a. vegna mismunandi fiskgengdar á milli svæða.



Helstu breytingar sem menn nefndu að þyrfti að gera voru að það þyrfti að fjölga dögum ýmist til að velja úr eða hreinlega að fá fleiri veiðidaga. Þá komu fram skoðanir um að það þyrfti að lengja tímabilið, byrja fyrr og bæta september við. Gagnrýnendur breytinganna, fyrir norðan og austan, bentu á að til þess gæti komið ef að tíð væri góð í maí og júní fyrir sunnan og vestan gæti farið svo stærsti hluti pottsins myndi veiðast á því svæði.

Sjá nánar svör strandveiðisjómanna í viðauka 1.

Telur þú að hægt sé auka hagkvæmni strandveiða miðað við óbreytt heildarmagn? Ef svo er, hvernig?

Tuttugu þátttakendur svöruðu þessari spurningu beint neitandi. Flestir án frekari útskýringa. Margir komu með tillögur og hugmyndir um hvernig mætti auka hagkvæmni veiðanna. Flestir komu með einhvers konar hugmyndir um að fjölga þeim dögum sem heimilt væri að fara til veiða. Meðal þess sem var nefnt var að bæta sunnudögum og/eða föstudögum við og að það mætti róa á rauðum dögum. Margir voru á því að það þyrfti að lengja tímabilið. Tilhneigingin í svörunum sunnan- og suðvestanlands var sú að þar vildu menn byrja fyrr og norðan og austanlands vildu menn bæta september við. Þá nefndu margir að þeir vildu auka dagskammtinn m.a. með því að leyfa mönnum að koma með tvöfaldan skammt á dag og það reiknist sem tveir dagar. Aðrir nefndu að koma á vikuskammti eða jafnvel mánaðarskammti fyrir hvern bát sem þá myndi leiða til olíusparnaðar. Þá kom fram sú skoðun að strandveiðar ættu að vera frjálsar.

Sjá nánar svör strandveiðisjómanna í viðauka 2.

Telur þú að hægt sé að draga úr kolefnisspori strandveiða? Ef svo er, hvernig?

Tuttugu og þrír þátttakendur svöruðu þessari spurningu beint neitandi. Margar hugmyndir bárust sem snéru að því sjómenn gætu valið dagana, að tímabilið yrði lengt í báða enda þannig að það yrði styttra að ná í fiskinn, afnema svæðaskiptinguna, taka meira magn í hverri ferð, að það ættu að vera viku- eða mánaðarskammtar í stað dagskammta, rafvæða flotann, takmarka vélarstærð og endurnýja vélar í bátum. Þá kom fram hjá mörgum svarendum að þeir teldu kolefnisspor strandveiða mjög lágt m.a. vegna þess að menn væru ekki með vélarnar í gangi á meðan þeir væru á veiðum.

Sjá nánar svör strandveiðisjómanna í viðauka 3.

Þegar horft er til framtíðarþróunar strandveiðikerfisins, hvaða breytingar telur þú mest aðkallandi að verði gerðar?“

Margir lögðu til að fjölga dögum sem mætti veiða á en einnig að tryggðir yrðu ákveðið margir dagar, t.d. 12 á mánuði eða 48 dagar á strandveiðitímabilinu. Sunnan- og vestanlands var nefnt að byrja fyrr á vorin, jafnvel í apríl en norðan- og austanlands að bæta a.m.k. september við. Fjöldi tillagna að útfærslum komu fram, m.a. um að menn mættu velja einhverja fjóra mánuði á tímabilinu apríl-september. Þá kom fram í nokkrum svörum að fylgja þurfi eftir reglum um að eigendur báta eða félaga rói þeim sjálfir.

Þá var oft nefnt að það mætti taka meira magn í hverjum túr. Þá komu fram tillögur um að afnema svæðaskiptinguna en einnig um að afnema sameiginlegan pott og draga úr gjaldtöku á strandveiðar.

Nefnt var að auka þyrfti magnið sem strandveiðiveiðibátar mega veiða og sömuleiðis að handfæraveiðar ættu að vera frjálsar, ýmist á einhverju tímabili eða allt árið. Sumir vildu skilyrða frjálsar handfæraveiðar við minni báta og með takmörkuðum fjölda rúlla.

Sjá nánar svör strandveiðisjómanna í viðauka 4.

Viðauki 1

Svör við spurningunni „Hver er þín skoðun á núverandi reglum um strandveiðar í samanburði við það kerfi sem lagt var af 2017?

Höfuðborgarsvæðið:

- Betra en ábótavant. Þurfum fleiri daga til að fiska alla daga vikunnar, bræla, bilanir og aðrir þættir hafa of mikil áhrif.
- Til bóta ekki spurning og orðið mjög mikilvægt fyrir fiskvinnslu.
- Núverandi kerfi er betra og dregur úr áhættusækni.
- Landið ætti að vera eitt svæði og rýmka reglur um sóknardaga t.d. yfir sex mánaða tímabil í staða fjögurra þó það verði sami fjöldi daga.
- Fjölga dögum.
- Það var gott að fá 12 daga á mánuði og að landið yrði einn pottur fyrir alla. Svæðaskipting í sókn er að mínu mati óþörf og ætti að vera allt landið.
- Gott að fá fasta daga.
- Veiðidögum fækkaði hér á D svæði sem er ekki gott. Vont að eiga það á hættu að þessir 12 dagar í mánuði haldi ekki út tímabilið ef afli fer í eitthvað hámark.
- Þetta hefur komið svipað út fyrir mig.
- Lítið skánað, svipað sóknarmark.
- Þetta er mjög gott svona, mætti bæta við dögum upp í 60 og lengja tímabilið um einn mánuð frá 20. apríl-20. september.
- Mætti laga, byrja í apríl og út september, 5 dagar í viku og halda 48 dögum yfir tímabil.
- Mér finnst að strandveiðar eigi að vera algjörlega frjálsar án takmarkana í fimm mánuði á ári, apríl-ágúst, veður stjórnar veiðum prýðilega.
- Betra, velja betri veiðidaga og koma með betri fisk.

Suðurnes:

- Það vantar í núverandi kerfi að hafa fleiri daga til að spila úr.
- Það er betra núna ef maður gæti róið í 48 daga sem var langt í frá að hægt væri á Suðvesturlandi.
- Þvílík vitleysa, það á að vera opið á milli svæða.
- Breytingin hefur orðið þess valdandi að það aflamagn sem úthlutað er, hefur strandveiðiflotinn ekki náð að veiða og það er vegna þess að fjórir dagar í viku eru of hamlandi.
- Tímabært að auka við aflamarkið, sérstaklega á D svæði.
- Til hins betra en lengja mætti tímabilið t.d. apríl-september án þess að fjölga dögum umfram 48 ef það eiga að vera mörkin.

Akranes og Borgarnes:

- Skárri en mætti taka 12 dagana hvenær sem er í mánuði.
- Í mínu tilfelli stjórnar veðrið mestu um sjósóknina og því finnst mér að það megi taka tillit til þess og fjölga veiðidögum.
- Frekar gott, mætti byrja fyrr á svæði D.

- Var ekki 2017 en þetta hljómar betur svona. Það eru bara ömurlegar dagskammtareglur. Ég t.d. komst 19 daga 2019 en fékk skammtinn bara þrisvar en fór yfir í þessi þrjú skipti.

Snæfellsnes:

- Ágætar en mætti bara festa dagafjöldann og hætta þessu pottabraski.
- Mun öruggara kerfi, meiri hagræðing, stjórnar veiðunum miklu betur, minna slit á mannskap og bát og minni kostnaður.
- Meiri möguleiki á að stjórna sókn með því að ráða dögum, verða fyrir óhappi eða bilun á bát/búnaði. Öll svæði með jafn marga daga til sóknar.
- Hefur lagast en þær eiga að vera frjálsar.
- Það er erfitt, en þó mögulegt, að hugsa sér vitlausara veiðikerfi hjá þroskaðri fiskveiðiþjóð. Kerfið er sóðalegra en það þarf að vera. Fyrst og fremst vegna brottkasts á blóðguðum fiski og sóunar á jarðefnaeldsneyti.
- Mætti bæta við kg á hvern dag.
- Tólf dagar góð breyting. Mætti vera meira val t.d. um sunnudaga og líka mætti hafa fleiri tegundir sem meðafla eins og ufsann.
- Kerfið er betra og skilvirkara, menn eru ekki eins stressaðir að róa í öllum veðrum þar sem dagarnir eru fleiri og þú getur valið dagana.
- Kerfið hefur tekið miklum breytingum en það má bæta það miklu meira.
- Dagakerfið var betra og var hentugra fyrir minni báta upp á veðrið og geta róið þegar færi gafst.

Sunnanverðir Vestfirðir:

- Mjög góðar breytingar, nú er bara að bæta helgum við.
- 12 dagar í mánuði breyta öllu.
- Miklu betra kerfi að vita af 12 dögum hvern mánuð. Áður voru menn að keppast um dagana á svæði A.
- Þetta hefur lagast mikið en það má gera betur. Gera þetta þannig að það sé hægt að lifa á þessu á ársgrundvelli eins og áður var.
- Mjög ánægður að fá 12 daga í ágúst í stað 3 daga áður.
- Það mætti bæta kerfið enn meira með því að bæta við sunnudegi sem veiðidegi, þó áfram yrði hámark fjórir veiðidagar í viku. Það yrði bæði hagur fyrir sjómenn og fiskverkendur. Það myndi líka minnka slysahættu.

Norðanverðir Vestfirðir:

- Nokkrir nefndu betra en það mætti bæta það enn meira.
- Minni pressa. Öruggara.
- Mjög gott að fá þessa 12 daga.
- Mér finnst breytingin sem gerð var 2017 hafi verið mjög jákvætt skref fram á við. Ég vill að við stígum varlega til jarðar. Mín skoðun er sú að 14 tíma reglan sé mjög gott fyrirkomulag en vill geta ráðið þessum 12 dögum í mánuðinum, gera það sveigjanlegra. Ég lenti í því t.d. á mínu horni að geta lítið róið sl. ágúst vegna brælu og þurfti að vera heima í blíðu um helgar.
- Nú höfum við þessa föstu 12 daga. Hins vegar er nauðsynlegt að fá meira svigrúm til þess að ná þessum 12 dögum. Ótíðin sl. sumar var mikil og sækja þurfti aflann jafnvel 40 mílur á haf út.

- Mun mannlegra og ekki eins mikil pressa að róa í brælum.

Strandir:

- Allt í lagi. Mætti fjölga vikudögum til að ná þessum 12 dögum.
- Með breytingunni voru færðir frá B svæðinu yfir á önnur svæði líklega yfir 10 dagar. Slæmt fyrir það svæði.
- Ekki góð. Íþyngjandi kerfi sem má opna meira.
- Meira frjálsræði núna en var.
- Aðeins betra en leyfa veiðar á sunnudögum og gera landið að einu svæði.

Norðurland vestra:

- Á B svæðinu voru meiri tekjumöguleikar í eldra kerfi.
- Strandveiðar fyrir báta undir 8 metrum ættu að vera frjálsar allt árið, en miðast við 500 kg pr.dag.
- Of mikið kapp í að fara á sjó í vondum veðrum þegar potturinn var stækkaður í allt landið og menn hræddir um að kvóti klárist.
- Góð svo framarlega að heimildir dugi allt tímabilið.
- Gerir það að verkum að allir fá jafnmarga daga milli svæða. Er kannski eini kosturinn.
- Gott ef það er tryggt að veiðar verði aldrei stöðvaðar.
- Gallað kerfi.
- Núverandi kerfi er í lagi svo framarlega að allir fái 48 daga.
- Þetta kerfi er aðeins betra. Samt vantar mikið á að þetta sé í lagi. Mikil olíueyðsla og óþarfa kostnaður sem fylgir samanber sekt fyrir ólöglegan sjávarafla þegar farið er fram yfir í dagsafla, þetta er hægt að laga allt saman án nokkurs kostnaðar.
- Jákvæðar breytingar en það þarf að tryggja útgerðaraðilum 48 daga á tímabilinu með rýmkun á dögum. Veður hamlar sjósókn það mikið að þrátt fyrir harða sókn er ekki hægt að nýta þá daga sem eru í boði.
- Óánægður. A svæðið átti bara að fá auknar heimildir og láta önnur svæði í friði (ekki heildarpott). Síðastliðið sumar voru sjómenn að fara út í vitlausum veðrum til ná einhverju úr pottinum. Áður voru menn heima í vondum veðrum þar sem ekki var verið að veiða úr sameiginlegum heildarpotti.
- Það gamla var betra að því leyti að þá mátti róa allan mánuðinn ef potturinn dugði og því þurfti maður ekki að spara dagana t.d. ef útlit var fyrir sæmilegt veður hálfan daginn. Þá var hægt að skreppa án þess að skerða dagana sína sem maður tímir ekki að gera með núverandi reglum.
- Lengja tímabilið um einn mánuð til að ná þessum 48 dögum.

Eyjafjörður:

- Ánægður en vil meira frjálsræði með dagana.
- Vantar meira frjálsræði með dagana svo maður geti náð 12 dögunum alla mánuðina.
- Það var frábært að fá þessa 12 daga.
- Verra fyrir svæði B – betra fyrir svæði A.
- Ef landið er eitt svæði þá á að leyfa mönnum að ráða hvar þeir landa sínum afla.

- Betra að tryggja öllum 12 daga eins og núna.
- Ekki ánægður. Vil hafa alla virka daga mánaðarins.
- Heftandi, skerðir frelsi mitt til sóknar, en samt betra að því leyti að ég hef betri möguleika á skipulagningu á sumarfríi.
- Eldra kerfi var opnara og menn ekki eins grimmir að sækja í vondu veðri.
- Til bóta þar sem veitt er úr heildarpotti.
- Myndi vilja hafa úr fleiri mánuðum að moða.
- Fleiri dagar í mánuði sem menn gætu valið úr til að ná 12 róðrum.
- Betra finnst mér en það er munur á fiskgengd á milli svæða.
- Líkar ekki við kerfið í einum potti.
- Finnst bara allt í fína með þetta 12 daga í mánuði en gott væri að ráða hvenær maður rær.
- Óraunhæf spurning.
- Þetta kerfi verður ekki gott fyrr en tekið verður af bann við veiðum föstudaga og sunnudaga.
- Það er nokkru betra meðan potturinn er nógur að segja.
- Þessir fjórir dagar í viku eru einfaldlega ekki að nægja. Þetta þarf að gefa miklu meira. Ef það bilar eitthvað þá er sumarið farið. Þetta þarf að vera miklu frjálsara. Ég myndi vilja hafa þetta yfir 6 mánaða tímabil og 1.000 kg í hverjum túr. Miklu betra að hafa þak kannski 40 til 50 tonn á 6 mánaða tímabili.

<u>Þingeyjarsýsla:</u>

- Gamla kerfið betra.
- Það var betra fyrirkomulag fyrir breytingar þegar að landið var svæðaskipt en ekki heildarpottur. Það er miður að þessi breyting varð að veruleika vegna þess að svæðin eru misjöfn og misjöfn veiði á þeim miðað við árstíma. Það veiðist oft vel á Suður- og Vesturlandi í maí og júní en aftur á móti mjög illa á Norður- og Austurlandi, og svo svo öfugt í júlí og ágúst. Gæti því farið svo ef tíð er góð og fyrst að þetta er heildarpottur að stór hluti pottsins veiðist fyrir sunnan og vestan land og svo öfugt ef tíð er slæm í maí og júní að Suður- og Vesturland sitji eftir. En með eldra fyrirkomulaginu þar sem landinu var skipt upp í fjögur svæði var komið í veg fyrir að þetta gæti gerst og er að mínu mati miklu meira jafnræði, enda var þetta ástæðan að hafa svæðaskiptingu við stofnun strandveiðanna að gæta jafnræðis um allt land.
- Óhagstætt fyrir svæði C.
- Lengja tímabilið. Alltof stífar reglur um veiðitíma, sektir o.fl. Leyfa veiðar út september.
- Hefði viljað halda skiptingu heildarpottsins á landssvæði áfram.
- Kom á óvart hvað það virkar vel nú.
- Það mega vera færri dagar, annars er þetta allt í áttina.
- Ekki til bóta, eðlilegt að menn velji sjálfir daga til sjósóknar fjóra daga í viku alla mánuði strandveiðitímabilsins.
- Þetta kerfi með einum potti er bull. 12 dagar bara bull.
- Það þarf að breyta mjög miklu.

<u>Austurland norðurhluti (Vopnafjörður-Seyðisfjarðar):</u>

- Á okkar svæði varð samdráttur, en fyrir heildina kom meiri jöfnuður.

- Held að það sé skárra en held kannski að það sé erfitt að bera það saman vegna þess að það voru færri bátar um heildaraflann.
- Tryggja þarf öllum 48 veiðidaga!!!
- Gott kerfi en þarf að breyta því. Betra væri að hafa fimm mánuði og meiri sveigjanleika vegna veðurfars.
- Skárra en ekki nóg að gert.
- Skil ekki af hverju það er sameiginlegur pottur en svæðaskiptingin er ennþá. Ef það er verið að hugsa um að jafna þetta fyrir byggðirnar þá þarf að vera pottur fyrir hvert svæði. Dagarnir færast ekki milli mánaða eins og potturinn gerði í gamla kerfinu.

Austurland suðurhluti (Mjóifjörður – Djúpavogs):

- Fer eftir veðri hvernig það gæti reynst.
- Ég tel betra að heimild til veiða sé skipt niður á landsvæði en sé ekki yfir allt landið eins og sumarið 2019.
- Fyrra kerfi kom betur út.
- Gott að fá ufsann en vitlaust að hafa einn pott fyrir allt landið.
- Vantar allan sveigjanleika í kerfið.
- Vitlaust að hafa landið allt eitt svæði.
- Kerfið er betra og gefur meiri möguleika.
- Kerfið sem lagt var af hentaði vel hérna fyrir austan og galið að mega ekki veiða nema 12 daga þegar fiskurinn er hér fyrir utan fjörðinn í júní, júlí. Reglur í kerfinu alltof þröngar, 14 tíma reglan og 4 dagar í viku reglan.
- Ekki nógu rúmar.
- Ánægja, koma verður í veg fyrir ef heildarafla er náð áður en tímabili er lokið að veiðar séu stoppaðar. Að einnig verði leyfðar veiðar á sunnudögum. Hlýtur að koma þessum fáu vinnslum sem enn þrauka til góða.
- Betra það sem lagt var af.
- Glórulausar breytingar, voru alls ekki til batnaðar.
- Ég myndi frekar vilja hafa það eins og það var fyrir árið 2017.
- Tilflutningur á aflaheimildum á milli landshluta minnkar. Þessi breyting er jafnræði á milli landshluta að því gefnu að potturinn tæmist ekki.

Hornafjörður:

- Mjög gott eins og er en þarf að tryggja 48 daga á bát.
- Vil halda því eldra.
- Skref í rétta átt en vantar að tryggja hverjum 48 daga.
- Kerfið sem var fyrir 2017 var betra. Við á þessu svæði höfðum fleiri daga.
- Mun betra. Ufsinn mætti vera frjáls.

Suðurland:

- Kerfið hefur þróast til hins betra með 12 daga reglunni, en mætti vera betra.
- Til bóta, þarf að gefa ufsann alveg frjálsan.
- Kom ágætlega út sl. sumar.
- Kerfið er að batna en það má enn gera breytingar til batnaðar.

- Það þarf að lengja tímabilið í sex mánuði og fjölga dögum í 72 til að hægt sé að hafa af þessu atvinnu. Ég er sannfærður um að það séu ekki margir sem myndu nýta allan tímann. Óvissa er ekki góð fyrir neinn.
- Það er betra en svæðaskipting er ekki góð. Mismunar sjómönnum eftir búsetu. Það á að afnema hana.
- Betra en betur má ef duga skal. Verður að bæta við apríl og september svo maður þori að sleppa landvinnunni alveg á meðan verðtíðin er. Vont að hafa tímann svona knappan fyrir allt umstangið og kostnaðinn sem fylgir skoðunum og sjófærnivottorði.
- Þar sem það er búið að sameina heildarpottinn tel ég rétt að afnema svæðaskiptinguna til að mismuna ekki mönnum eftir búsetu.

Viðauki 2

Svör við spurningunni „Telur þú að hægt sé auka hagkvæmni strandveiða miðað við óbreytt heildarmagn? Ef svo er, hvernig?“

Höfuðborgarsvæðið:

Dagar:

- Fleiri dagar x5.
- Róa þá daga sem menn vilja x4.
- Leyfa veiðar alla daga x2.
- Veiða á sunnudögum.
- 12 dagar innan mánaðar án þess að festa vikudaga.
- Öruggir 12 dagar í mánuði.
- Stopp á föstudögum-sunnudaga ókostur. Leyfa alla nema rauða daga.
- Gott kerfi mánudagur-fimmtudagur.
- Úthluta 48 róðrum á bát sem skipstjóri ræður hvernig eru nýttir.
- Leyfa veiðar á sunnudögum.

Tímabilið:

- Byrja veiðar fyrr.
- Lengja veiðitímabilið upp í fimm mánuði.
- Lengja tímabilið í 1.mars-1.október, velja 60 daga.
- Lengja tímabilið í báða enda en halda 48 dögum.
- Byrja í apríl á D-svæði og sleppa ágúst.
- Bæta september við ef eitthvað er eftir í pottinum.
- Á svæði D ætti að leyfa veiðar frá miðjum mars / byrjun apríl í síðasta lagi til að ná í stærsta þorskinn.

Tíminn:

- Hætta með 14 tíma bull.
- Hafa 16 tíma.

Skammturinn:

- Ekki dagsskammtur.
- Geta tekið tvöfaldan skammt þegar vel veiðist og sleppt róðri í staðinn x2.
- Heildarmagn dags væri sveigjanlegra þó að heildarvikuskammtur væri óbreyttur.
- Stækka skammtinn.
- Fækkun daga og meiri dagsafla.
- Leyfa 1.000 kg. í túr en ekki meira en 3.600 á viku.
- Leyfa 1.000 kg.
- Vikuskammtur x2.
- Mánaðarskammtur.
- Taka meira magn í róðri, fækka róðrum, minnka mengun og kostnað.

Tegundir:

- Hafa undirmál utan kvóta og minnka þannig brottkast.

Veiðisvæði:

- Landið eitt svæði x3.

Annað:

- Gefa strandveiðar frjálsar í fimm mánuði.

- Banna báta með aflaheimildir.
- Bátar ekki stærri en 10 tonn.

Suðurnes:

Dagar:

- Fastan dagafjölda á hvern bát og frjálsa sókn frá 1. apríl - 30. september.
- Leyfa veiðar á föstudögum.
- Leyfa veiðar á sunnudögum.
- Hver bátur fái sína daga.
- Leyfa mönnum að fá fasta daga.
- Leyfa veiðar sjö daga í viku.
- Taka föstudaga og sunnudaga inn í löndunardaga.
- Rýmka hvaða daga má veiða í vikunni.
- Með því að hver bátur fái úthlutað dögum sem hann getur nýtt á tilteknu tímabili.
- Gefa þessa 12 daga frjálsa til veiða í hverjum mánuði.
- Hagkvæmni strandveiða er mjög lítil. Aðeins þyrfti að auka aflamagn í hverri veiðiferð og afleggja fyrirfram ákveðna veiðidaga. Þegar aðeins tólf daga má veiða í mánuði þá er enginn tilgangur í fyrirfram ákveðnum dögum. Fiskmarkaðir selja t.d. fisk á sunnudögum allan maí, og er oftast besta verðið á sunnudögum. Einnig myndu róðrar dreifast meira yfir mánuðinn og verð vera stöðugra fyrir bæði kaupendur og seljendur.

Tímabilið:

- Fjölga mánuðum til að róa t.d. mars og apríl á svæði D.
- Lengja tímabilið í sex mánuði.
- Fá að byrja fyrr á vorin. Þá er fiskur hér á grunnslóð x2.
- Rýmka veiðitímabilið.
- Fyrir svæði D skiptir mestu að byrja fyrr, helst í mars.
- Leyfa strandveiði í 48 daga í sex mánuði í staðinn fyrir 4 mánuði.

Skammturinn:

- Auka dagsafla um 100 kg.
- Leyfa meiri afla í túr þegar það á við.
- Bæta dagskammtinn.
- Að breyta leyfilegum dagskammti úr 650 kg slægt í 1300 kg slægt og að einn slíkur róður teljist tveir dagar en hver bátur geti aldrei tekið meira en 2600 kg á viku af slægðu. Bætir rekstrargrundvöll strandveiðibáta um 20-30%.

Veiðisvæði:

- Það er verið að mismuna á milli svæða ef það er einn pottur. Á vera eitt svæði. D svæðið byrjar alltof seint. Ef það á að vera svæðaskipting þarf að taka mið af fiskigöngu. Þetta kerfi er hannað fyrir svæði A þar með er aflinn mestur þar.
- Hætta með svæðaskiptingu strax.
- Afnema svæðaskiptinguna til að nýliðun geti orðið í strandveiðum. Með núverandi svæðaskiptingu hafa nýliðar ekki neina möguleika að koma inn í þetta kerfi þar sem þeir eru bundnir átthagafjötrum.

Annað:

- Þetta kerfi er eldsneytissóun og mengun í boði stjórnvalda.

Akranes og Borgarnes:

Dagar:

- Taka dagana þegar manni hentar og veður leyfir.
- Fjölga veiðidögum þannig að hægt sé að velja fleiri daga til að stunda veiðarnar.
- Leyfa fleiri vikudaga og mánuði.
- Bæta föstudegi við.
- Úthluta dögum sem menn ráða hvenær þeir nota á árinu.
- Með því að bæta okkur upp þá daga sem eru rauðir en standa upp á daga sem okkur er úthlutað.
- Með því að gera breytingu á dögum.
- Leyfa veiðar frá og með sunnudegi til fimmtudags þó að dagar séu rauðir.

Tímabilið:

- Byrja fyrr á Faxaflóa því mars og apríl eru bestir en síðsumars eru verst.

Skammturinn:

- Meira í túr.
- Meira í hverri veiðiferð og færri dagar.
- Með því að gefa út vikuskammt og leyfa meiri afla í hvert skipti.

Veiðisvæði:

- Afnema svæðisskiptinguna.
- Já byrja fyrr.

Annað:

- Já, nýta alla litlu bátana sem liggja um allt land bara af því þeir eru litlir og hæggengir (umhverfisvænni???) 20-30 l litað dísel á dag. Ef þetta væri gert mögulegt með breytingum á reglugerðum og aðallega þá í rýmkun á tíma og stýringu á honum. Þyrfti líklega að auka kvótann í kerfinu eða hafa þessa litlu hægfara gamlingja frjálsa allt árið, færu samt líklega ekki meira en 40 daga á ári og það komast ekki nema 800-1000 kg í mikið af þessum bátum þannig að varla gæti það skaðað lífríkið eða hagkerfið.

Snæfellsnes:

Dagar:

- Leyfa veiðar alla daga vikunnar x2.
- Auka frjálsræði í að velja daga x2.
- Auka valfrelsi til að velja sína daga í hverjum mánuði x2.
- Fjölga sóknardögum þ.e. föstudagar og sunnudagar og geta valið úr fleiri sóknardögum hvern mánuð.
- Leyfa veiðar á sunnudögum x2.
- Leyfa veiðar um helgar x2.
- Fjölga dögum til að geta náð þessum 12 dögum og minnkað pressuna á að róa í tvísýnu veðri.
- Festa 50 daga og sex mánuði.

Tímabilið:

- Fá að sækja fisk þegar fiskgengd er meiri á grunnslóðinni.
- Lengja tímabilið frá 1. apríl - 30. september og róðrardögum fjölgað sem því nemur og engin höft á því hvenær menn geta róið innan þess tímabils. Myndi auka öryggi mikið.
- Fiskgengd er mismunandi eftir landshlutum, þannig væri hægt að skoða hvort að mánuðir gætu eitthvað breyst.

- Lengja tímabilið um tvo mánuði en sami dagafjöldi.

Tíminn:

- Leyfa mönnum að vera lengur en 14 tíma, taka meira á hverjum degi og fækka dögum á móti.

Skammturinn:

- Fá að leggja umframafla saman og sleppa einum degi í stað þess að borga sekt fyrir umframafla.
- Ekkert aflaþak í róðri.
- Vikuskammtur x2.
- Taka meira í hverri ferð, umfram 800 kg teljast tveir dagar.
- Lofa mönnum að taka meira í hverri ferð.
- Mánaðarskammtur.
- Ekki bæta við skammtinn. Það eru margir litlir sem geta ekki tekið meira í einni veiðiferð.
- Hagkvæmnin eykst við aukið magn.
- Veiða tvo skammta á einum degi – telst sem tveir dagar.

<u>Sunnanverðir Vestfirðir:</u>

Dagar:

- Leyfa veiðar um helgar.
- Leyfa veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga.
- Fá að ráða hvaða daga farið er á sjó í hverjum mánuði.
- Bæta sunnudegi við x2.
- Bæta sunnudegi við en halda sig við fjóra róðradaga í viku x2.
- Bæta sunnudegi inn sem valdegi þannig að valdagar verði fimm dagar vegna veðurs.
- Fleiri valdaga í viku x2.
- Velja megi úr öllum vikudögum.

Tímabilið:

- Bæta við apríl og september en hafa sama dagafjölda.
- Lengja tímabilið í báða enda.

Skammturinn:

- Mjög ósanngjarnt að fari maður 30 kg fram yfir skammtinn sé maður sektaður. Ætti að leyfa smá rými í þessu sem maður lagar í lok viku eða mánaðar.
- Mega veiða meira í hverjum róðri svo að potturinn klárist.
- Stækka skammtinn um 50 kg þar sem heildaraflinn hefur ekki náðst.
- Mánaðarskammtur til að fækka ferðum og minnka olíunotkun.
- Auka afla pr. dag x2.
- Ef veitt er umfram skammtinn að það sé hægt að laga það í næstu ferðum og þetta sé rétt af við mánaðarmót.

Veiðisvæði:

- Gera landið að einu veiðisvæði.

Norðanverðir Vestfirðir:

Dagar:

- Bæta við sunnudögum en heildarmagn það sama.
- Bæta sunnudögum við x3.
- Tryggja 12 dagana og fjarlægja stoppdagana x2.
- Fái fjóra daga í viku en hafi sjö daga vikunnar úr að velja.
- Hafa fleiri daga í viku sem má róa x2.
- Opna fyrir föstudaga og sunnudaga.
- Hægt að velja þessa 12 daga úr öllum dögum mánaðarins x3.
- Fá að veiða þegar gefur.
- Fjölga dögum til þess að ná þessum tólf.
- Leyfa veiðar á föstudögum og um helgar til að ná þessum 12 dögum.

Tímabilið:

- Gefa mönnum 48 daga á sex mánaða tímabili.

Skammturinn:

- Vikukvóti að þremur tonnum.
- Breyta dagsafla til að spara olíu.
- Vikuskammtur óháð klukkutímum.
- Vikuskammtur.
- Mánaðarskammtur og leyfa að það sé landað allt að 1500 kg af óslægðu og nota sömu dagareglu.
- Leyfa að það sé tekinn tvöfaldur dagskammtur en óbreyttur mánaðarafli.
- Leyfa mönnum að leyfa meira í hverri ferð, þá má fækka dögum. Gefa mánaðar- eða vikukvóta á hvern bát.
- Leyfa mönnum að taka meira magn yfir daginn, einkum þegar að langt er sótt, jafnvel 30-40 mílur út.

Annað:

- Auka frjálsræðið.

Strandir:

Dagar:

- Festa daga á hvern bát.
- Sjómenn ráði sjálfir hvaða daga þeir fari á sjó.
- Hafa sex róðrardaga í viku.
- Hægt verði að velja sunnudag eða fimmtudag.
- Leyfa alla daga nema laugardaga því að þá er ekki opinn fiskmarkaður.
- Auka val á dögum þ.e. föstudag, laugardag og sunnudag.

Tímabilið:

- Lengja tímabilið.
- Bæta september við strandveiðitímabilið.

Skammturinn:

- Leyfa meiri afla á dag en takmarka aflamagn á mánuði.

Annað:

- Þarf að bæta við meiri kvóta.

Norðurland vestra:

Dagar:

- Leyfa veiðar á sunnudögum x2.
- Leyfa að róa alla daga.

Tímabilið:

- Lengja um hálfan mánuð í báða enda.
- Leyfa mönnum að velja hvort þeir vilji apríl-júlí, júní-september eða júlí-október. Misjafnt á milli svæða hvenær hentar að stunda handfæraveiðar.

Tíminn:

- Taka 14 tíma regluna út ef fleiri en einn er á bát.

Skammturinn:

- Með því að hætta með dagsskammtinn 650 kg og gefa út vikuskammt á hvern bát eða 4x650 kg = 2600 kg. Menn geta komið með í 1,2,3 eða 4 ferðum eftir því hvernig veiði og veður leyfa. Þetta myndi auka hagkvæmni gríðarlega í olíusparnaði og kolefnisspori fyrir landið í heild. Ég hefði getað fækkað ferðunum um 30-35% með sama afla. Ég notaði 9.800 lítra af olíu á síðasta strandveiðitímabili og hefði getað sparað mér 3000 l og slit á vélbúnaði og bát.
- Hafa vikuskammt x3.
- Mánaðar- eða vikuskammt.
- Strandveiðar með þaki upp á 35-40 tonn þar sem einu takmörkin væru 14 tímarnir og rauðir dagar.
- Með því að veiða meira í hverri ferð.

Annað:

- Skil ekki spurninguna. Hvert er viðmið um hagkvæmni. Eru hagkvæmar og umhverfisvænar veiðar.
- Strandveiðar eiga að vera fyrir minni báta undir 8 metrum. Stærri bátar eyða meiri olíu sem gerir að veiðarnar teljast vart umhverfisvænar.
- Nei ekki nema gera meiriháttar breytingar.
- Hér í Húnaflóa er reglugerðarhólf sem er lokað hluta af ári sem nær frá Vatnsnesi í Kálfshamarsvíkurvita og í upphafi strandveiða þá þurfa bátar að sækja mun lengra en þarf og í opnari sjó, þetta reglugerðarhólf ætti að vera opið fyrir handfæraveiðum.
- Spurning um að gefa handfæraveiðar frjálsar (sem þær ættu að vera þar sem þetta eru mjög vistvænar veiðar og það er ekki hægt að ganga nærri þorskstofni með handfæraveiðum).
- Fjölga handfærarúllum til að vera fljótari að ná skammtinum.
- Ég vill tryggan frumbyggjarétt. Með því að stækka kerfið örlítið og bæta við apríl og september myndi bjarga sjávarplássunum allt í kringum landið. Halda áfram með 12 daga innan mánaðar og sama heildarmagn pr. dag. Sleppa byggðarkvótaruglinu og stækka strandveiðipottinn. Ég er hræddur við vikuskammta umræðuna. Krókaaflamarkaðskerfið er ónýtt af því að stórútgerðirnar er búnar að kaupa upp kerfið bæði kvóta og báta. Þeir eiga fullt af bátum sem þeir setja þá á sjó og eyðileggja strandveiðikerfið ef þetta fer í vikuskammta.

Eyjafjörður:

Dagar:

- Bæta við sunnudögum x3.
- Ákveðinn fjöldi daga í mánuði en heimila veiðar alla daga vikunnar.
- Leyfa veiðar um helgar og á rauðum dögum.
- Fjölga valdögum innan mánaðar og leyfa veiðar á sunnudögum.
- Fjölga valdögum í mánuði.
- Hafa val um meira en 4 fasta daga vikulega.
- Setja fimm daga glugga fyrir þessa 4 daga í viku.
- Fjölga dögum og opna á fleiri daga í viku til prufu.
- Hafa valdaga 12 í mánuði.
- Hagræða þessum 48 dögum sem gefnir eru út í 4 mánuði.
- Hafa val á dögum x2.
- Bæta við 1 degi.

Tímabilið:

- Lengja tímabilið til að ná þeim 48 dögum sem úthlutað er.
- Lengja tímabilið til að ná aflanum.
- Bæta við tveimur mánuðum og 12 dagar í mánuði meira úr að velja.
- 5-6 mánaða tímabil, 48 dagar og ráða löndunardögum.
- Leyfa sex mánaða tímabil og allan september en ágúst og september eru bestir hérna.

Skammturinn:

- Leyfa mönnum að taka meira í hverri veiðiferð x2.
- Ef veður og veiði eru góð að leyfa mönnum að taka tvo skammta og þá séu skráðir tveir dagar.
- Leyfa mönnum að taka 2 skammta tvisvar í viku.
- Vegna langrar keyrslu á miðin væri betra að fá að taka 4 daga skammtinn á 1-2 dögum.
- Vikuskammtur 4x650 kg.
- Vikuskammtur.

Veiðisvæði:

- Meira frjálsræði og allir veiði úr sama pottinum.

Annað:

- Þetta er alltaf spurning um hverjir stunda strandveiðar og til hvers, þegar ég lít yfir strandveiðihópinn sem ég þekki þá er stór hluti manna eftirlaunaþegar og menn sem eru með strandveiðar sem auka eða hobbý.

Þingeyjarsýslur:

Lögskráning:

- Eigendur verði á bátunum en ekki sýndareigendur.

Dagar:

- Að hægt sé að velja róðrardaga eftir veðri.
- Fleiri valdaga, t.d. sunnudaga.
- Auka sveigjanleika í dagavali.
- Skipstjórar velji sjálfir daga og sé frjálst að róa fjóra daga í viku. Stjórnsýslan hefur ekkert vit á sjósókn.

Tímabilið:

- Lengja tímabilið, það kemur stærri og betri fiskur þegar líður á sumarið.

Skammturinn:

- Leyfa meira magn í hverri veiðiferð x2.
- Meira magn í hverri ferð, færri ferðir, minni olíukostnaður og kolefnisspor x2.
- Vikuskammtur x2.
- Eitt tonn á dag, menn eru að sækja mjög langt t.d. 20-30 mílur svo að olíukostnaður á kíló er óþarflega mikill.

Veiðisvæði:

- Leyfa strandveiðar alla daga vikunnar og tveggja daga skammt á einum degi en þá verður jafnframt að skipta pottinum á landshluta fyrirfram svo hann verði ekki kláraður þar sem veiðin er best snemmsumars.
- Heildarmagni skipt á fjögur svæði.

Austurland norðurhluti (Vopnafjörður-Seyðisfjarðar):

Dagar:

- Fjölga leyfilegum róðrardögum hverrar viku/mánaðar að 12 dögum.
- Bæta við einum degi í viku t.d. sunnudegi.
- Leyfa veiðar á föstudögum og sunnudögum.
- Þurfum að geta náð öllum dögunum 48 til að auka aflagetuna. Ég t.d. missti níu daga í bilerí fyrir utan brælur.
- Veit ekki, kannski að menn fái 48 daga óháð mánuðum.

Tímabilið:

- Það er vandi vegna þess að um leið og hagkvæmnin eykst fjölgar bátunum og þar með eykst heildaraflinn. Að mínu áliti er stærsti vandi kerfisins (fyrir utan að heildaraflinn er of lítill) er að kerfið beinir öllum í að veiða alla þessa 4 mánuði á meðan hagkvæmnin bæði fyrir bátana og þjóðarbúið er mun meiri í því að veiða stóran og góðan fisk þegar hann gefur sig. Á mínu svæði erum við að fá smáan fisk sem selst á lágu verði fyrri helming tímabilsins en stóran og fallegan seinni helminginn. Væri hægt að auka teygjanleikann í kerfinu? Bæta við mánuði á hvorn enda?
- Taka inn september en sleppa maí.

Skammturinn:

- Taka meira í hverri veiðiferð.

Annað:

- Strandveiðar snúast ekki um hagkvæmni, best að hræra sem minnst í þeim potti.

Austurland suðurhluti (Mjóifjörður-Djúpavogs):

Dagar:

- Hætta þvælunni með banni á föstu-, laugar- og sunnudögum. Engin rök fyrir þessu.
- Hafa fjóra daga í viku sama hvaða vikudag.
- Ekki binda þessa fjóra daga við mánudag-fimmtudag.
- Breyta dögum.
- Veiðar á sunnudögum, hagkvæmt fyrir vinnsluna og festir verði 12 dagar í mánuði á veiðum.

- Með því að bæta við fleiri veiðidögum.
- Meira frjálsræði hvað varðar veiðidaga.
- Úthluta hverjum báti fasta 10 róðra í mánuði svo hver bátur geti ráðið hvenær hann fer á sjó.

Tímabilið:

- Bæta september við x2.
- Á svæði C er mjög óhagstætt að byrja veiðar í maí. Mjög langt að sækja og engin fiskgengd.
- Lengja tímabilið ef að heildarkvóti næst ekki.
- Lengja tímabilið í apríl-september.

Tíminn:

- Gefa hæggengari bátum lengri tíma yfir daginn til að veiða. Stundum hefur lítið veiðst en svo í lok dags er mikil veiði en þá þarf að fara í land til að uppfylla kröfur um tímalengd veiðiferðar og til að landa.

Skammturinn:

- Að fella sektir niður í hverjum róðri en hafa heildarmagn í mánuðinum 9,4 tonn og bara sekt einu sinni en ekki á hverjum degi.
- Leyfa meira magn pr. dag og gefa frekar kost á vikuskammti.
- Gott að stækka skammtinn um 150 kg.

Veiðisvæði:

- Það þarf að hverfa aftur til svæðisskiptingar sem var áður.

Annað:

- Allir bátar með íslenskt hafnfæri fái að veiða 20-22 tonn af óslægum fiski og ráða hvenær þeir ná í það. Það mundi ekki sprengja úthlutuðum afla og væri miklu betra fyrir alla. Þetta er nú einu sinni fiskveiði þjóð.
- Það er ekki hægt.
- Sé fyrirséð að það verði afgangur af kvóta er hægt að gefa t.d. síðustu daga mánaðarins frjálsa svo kvótinn nýtist til fulls.

Hornafjörður:

Dagar:

- Sami dagafjöldi en menn geti ráðið dögunum x2.
- Meira frelsi með sóknardaga, dregur úr slysatíðni.

Tímabilið:

- Lengja tímabilið um einn mánuð, apríl eða september.
- Lengja tímabilið, apríl-september.
- 48 dagar á bát sem ná nýta á tímabilinu apríl - september x2.

Skammturinn:

- Leyfa meira magn í róðri x2.

Tegundir:

- Ufsi frjáls x2.
- Eingöngu þorskur teljist til kvóta.

Suðurland:

Dagar:

- Sunnudagur kæmi inn sem val vegna veðurfarslegra áhrifa og afli þá seldur á fiskmörkuðum á mánudagsmorgni.

- Fella út rauða daga.
- Velja þá daga innan mánaðarins sem henta, t.d. róa á laugardögum og sunnudögum.
- Fá að róa þessa 4 daga vikunnar á hvaða degi sem er, líka um helgar x3.
- Róa alla daga sem eru stoppdagar.
- Leyfa strandveiðar á sunnudögum yrði framfaraskref. Fiskur í vinnslu á mánudegi. Einnig væri hægt að klára sína daga tímalega í mánuðinum og eiga sumarfrí sem er erfitt í núverandi kerfi.
- Fleiri dagar.

Tímabilið:

- Frá 25. mars, sem kæmi með aprílmánuði vegna hrygningarstopps eða frá 1. apríl. Fiskurinn er farinn hér af slóðinni um miðjan júní.
- Velja fjóra af sex mánuðum, apríl-september x2.
- Breyta tímabilum milli svæða.
- Byrja veiðar í apríl.
- Lenging tímabilsins apríl til september yrði mikil bót jafnvel þó að hvor mánuður fengi færri sóknardaga t.d. átta hvor. Það myndi umbylta hugarfarinu og menn færu að sjá þetta sem aðalstarf.

Skammturinn:

- Taka meira magn í hverjum róðri.

Tegundir:

- Ufsinn vegi 100% til útgerðar.

Veiðisvæði:

- Opna svæðin. Maður fær bjánahroll þegar maður er staddur 16 mílur frá Arnarstapa en 40 mílur frá Akranesi og þarf að fara á Akranes.

Annað:

- Einfaldlega skil ekki hvers vegna ekki er hægt að auka við pottinn.
- Einhver viðbót við kvótann.

Viðauki 3

Svör við spurningunni „Telur þú að hægt sé að draga úr kolefnisspori strandveiða? Ef svo er, hvernig?“

Höfuðborgarsvæðið:

Dagar:

- Með betra dagavali.
- Leyfa veiðar á sunnudögum með löndun á mánudagsmorgni, myndi draga úr streði við sjósókn í verra veðri.

Tímabilið:

- Lengja tímabilið í báða enda til að styttra sé að sækja fiskinn. Flestir handfæramenn drepa á vél við veiðar.
- Byrja veiðar fyrr, þá þarf að sækja styttra.

Tíminn:

- Afnema 14 tíma regluna.
- Hafa 16 tíma í stað 14 tíma.

Skammturinn:

- Með því að menn megi vera lengur í róðri hafa allt að sólahring, þá þarf ekki eins stórar vélar og með því að mega taka tvo daga í einni ferð.
- Með því að geta tekið tvöfaldan skammt og sleppt róðri í staðinn
- Leyfa að veiða meira heildarmagn pr. dag án þess að auka heildarmagn.
- Meira magn á dag x6.
- Meiri sveigjanleiki í dagsafla.
- Vikuskammtur myndi fækka ferðum x2.

Veiðisvæði:

- Ekki allir í sama pottinum.
- Frjáls veiðisvæði. Þá róa menn styttri vegalengd eftir fiski en eru ekki bundnir við að landa í höfnum innan sama svæðis eins og kerfið er í dag.

Annað:

- Plöntum tré fyrir hvert tímabil.
- Minnka olíueyðslu og minna vélarafl.
- Takmarka vélastærð báta við ákveðinn hestaflafjölda.
- Rafvæða báta x2.
- Nýrri og hagkvæmari vélar í báta. Eftir nokkur ár rafvæðing.
- Endurnýja vélar. Hægt að nota 50.000 kr. sem við borgum til hafna í landgræðslu og trjárækt.
- Kolefnislosun við strandveiðar er hlutfallslega lítil miðað við aðrar veiðar.

Suðurnes:

Dagar:

- Fá 48 daga á ári óháð dagatali.

Tímabilið:

- Lengja veiðitímabilið þannig að hægt sé að veiða þegar mest er af fiski á veiðisvæðinu.
- Með því að stíla meira á fiskgengd hvers svæðis.

- Á okkar svæði þurfum við að byrja fyrr til að þurfa ekki að sigla 25 sjómílur til að komast í fisk.

Tíminn:

- Hætta þessu rugli með tímamarki á hverjum róðri.

Skammturinn:

- Með því að leyfa að taka tvöfalt magn í túr þegar fiskerí er gott og nota þá tvo daga á móti.
- Vikuskammtur.
- Meira magn í hverri veiðiferð x4.
- Meira í hverri veiðiferð og setja topp á afla hvers mánaðar.

Veiðisvæði:

- Opna milli svæða og þannig sparast löng stím á ákveðnum veiðisvæðum.
- Engin svæðaskipting og þá geta menn fært sig á milli landshluta.

Annað:

- Nota hjálparmótor knúinn af rafmagni.
- Fæ ekki séð í fljótu bragði hvernig það sé hægt með núverandi tækni og hvað kostar að fara í dýrar nýjungar?

Akranes og Borgarnes:

Dagar:

- Fjölga dögum sem hægt er að róa.
- Ef menn ráða hvenær þeir róa velja þeir hagstæðar veiðar.

Tímabilið:

- Byrja fyrr þegar veiðin á okkar svæði er meiri og nær x4.

Skammturinn:

- Meira í túr.
- Vikuskammtur.
- Kannski auka skammtinn, samt kannski ekki rétt.

Veiðisvæði:

- Afnema svæðaskiptinguna.

Annað:

- Vetnisvæða flotann.
- Hugsa betur um vélina, láta stilla gang og athuga hvort rétt skrúfa er notuð.
- Nota rétta vélarstærð.
- Friðhelgi frá þessu og reyna frekar að hvetja menn, nýliða og ungmenni, til að nýta alla þessa báta sem liggja um allt land ónotaðir, fullt af þeim í góðu lagi oftast vegna þess að þeir eru of hæggengir! Og líklega mikið af þessum bátum fullkomnir í alls konar tilraunir með rafmagnsmótora einungis? Og fyrir hæggenga báta þarf rýmri eða aðrar reglur en fyrir 12 mílna báta.
- Rafvæða bátana x4.

Snæfellsnes:

Dagar:

- Opna alla daga vikunnar.

Tíminn:

- 14 tímar í 12 tíma.
- Burt með 14 tíma regluna.

Skammturinn:

- Kolefnissporið er mjög lítið. Aukið magn pr. veiðiferð gefur minni kolefnislosun pr. kg af fiski. Í mars-apríl stutt á miðin en lagt í júlí og ágúst, 40 mílur+, þarf oft að hætta þegar skammtinum er náð.
- Auka skammtinn.
- Taka 2 daga skammt í einni veiðiferð x2.
- Burt með aflaþak í róðri. Meira magn í róðri þ.a.l. færri róðrar – 60% minni olíunotkun.
- Aukning á dag – spara tíma og olíu.
- Fá að koma með meiri afla í einu og færri dagar í viku.
- Taka meira en 800 kíló í hverri ferð sem teldist 2 eða 3 dagar.
- Mánaðarskammtur.
- Með því að auka magnið sem má taka 12x650=7800. Mögulega hægt að nýta hina dagana til að reyna við ufsa og karfa ef gefið frjálst.
- Með því að leyfa meiri afla á dag þegar vel veiðist en mánaðarafli verði ekki meiri en skammturinn x 12.

Veiðisvæði:

- Fjarlægja svæðaskiptinguna.

Annað:

- Með aukinni þróun í vélbúnaði.
- Strandveiðar ætti að miða við báta að 10 metrum. Mætti horfa til Norðmanna hvernig þeir hafa sitt kerfi.
- Það er erfitt. Kannski að minnka vélarnar í þessum hraðskreiðu bátum.
- Minni vélar í bátunum.
- Ég tel að kolefnisspor strandveiða sé mjög lágt eins og það er í dag.
- Með aukinni fræðslu og endurnýtingu.

Sunnanverðir Vestfirðir:

Dagar:

- Ráðum hvenær við förum út.
- Að 2-3 skammta í hverri ferð. Annars illframkvæmanlegt.

Skammturinn:

- Vikuskammtur.
- Ef landa mætti tvöföldum skammti tvisvar í viku myndi það spara olíu.
- Margir gætu nýtt sér að taka megi tvo daga í einum róðri þegar þannig gefur.
- Auka aflamagn pr. veiðidag x2.

Veiðisvæði:

- Með einu veiðisvæði er hægt að spara keyrslu báta. Hægt væri fyrir fleiri að gera út þar sem stutt er á góð mið.

Norðanverðir Vestfirðir:

Dagar:

- Ef við fáum að ráða hvenær við róum heldur en að fara út í brælu og fá 200-300 kg.
- Gera dagana sem við fáum frjálsari.

Skammturinn:

- Með því að hækka dagsskammtinn.
- Meiri afla í hverjum róðri x2.

- Leyfa meira magn í hverri ferð sem myndi dragast frá þeirra mögulega heildarafla.
- Mánaðarskammt og hækka heildarmagn í hverri veiðiferð. Verið að eyða 200 lítrum á dag þegar lengst er farið.
- Veiða allt að tvöfaldan skammt á dag, færri ferðir minni olíueyðsla.
- Með fækkun ferða og gefa viku- eða mánaðarkvóta í stað dagkvóta.
- Vikuskammtur.
- Leyfa meira magn yfir daginn og gætu þá veitt vikuskammtinn á skemmri tíma.
- Með því að leyfa að taka megi 2 skammta, c.a. 1500 kg í túr, ef menn eru heppnir og lenda í fiski og þá klára maður 2 daga sama daginn. Munar miklu eins og hér þar sem við erum að róa 40-50 sml. á dag (80-100 sml. höfn í höfn).

Veiðisvæði:

- Kannski að taka út svæðaskiptinguna.

Annað:

- Rafmagnsbátar fái 20% meiri kvóta.
- Spara olíu.
- Banna togveiðar á grunnslóð. Það er ekki eðlilegt að menn þurfi að sækja 50-60 mílur frá heimahöfn strandveiðibáta.
- Hættið þessu kolefniskjaftæði.

Strandir:

Dagar:

- Með því að velja úr fleiri dögum þá væru menn kannski ekki að fara út í brælu og hrökklast heim með lítinn eða engan afla.

Skammturinn:

- Mánaðarskammtur og ráða hvað þeir veiða mikið hvern dag x2.
- Fækka róðrum með því að auka skammtastærð.

Annað:

- Hugsa vel um vélbúnaðinn í bátunum.
- Með því að hafa stærðarmörk á vélum og bátum.
- Minnka olíunotkun pr. róður.
- Auka veiðar svo hægt sé að endurnýja bátana x2.

Norðurland vestra:

Tíminn:

- Leyfa 18 tíma í ferð.

Skammturinn:

- Vikuskammtur x5.
- Leyfa meira magn í ferð x3.
- Leyfa allt að tvöföldu magni í hverri ferð sem myndi leiða af sér mikinn sparnað í olíu.
- Með því að leyfa mönnum að taka 2-4 skammta í ferð og fækka þar með ferðum.
- Ég tel mig geta sparað 30% olíukostnað ef 30-40 tonna aflaþak yrði sett á strandveiðar og aðrar reglur yrðu eins og hjá öðrum útgerðum.
- Auðvitað hægt að auka aflamagn pr. dag. Setja á vikuskammt en því fylgir líka ákveðin áhætta fyrir strandveiðihugsjónina. Er að nota minni olíu pr. tonn en frystitogari.
- Það væri ótvírætt hægt með því að heimila stærri dagskammta sem myndu þá dragast frá næsta degi á eftir. Dæmi: Fer út frá Sauðárkróki áleiðis á Skagagrunn rúmlega 30 mílur, 4 tíma sigling á 8 mílum gengur vel að veiða og skammturinn

kominn eftir 3 tíma, hætti veiðum og held heim til löndunar. Túrinn tekur 11 tíma þar af 8 á siglingu. Ef ég mætti halda áfram veiðum í 2-3 tíma í viðbót (oftast með dautt á vél) og koma með kannski tvo skammta eða þó ekki væri nema 1 og 3/4 þá myndi sparast umtalsverð olía. Líka spurning hvort ekki mætti taka tvo strandveiðidaga í einum túr.

Annað:

- Vera með stærðarmörk á bátum þar sem stórir og þungir báta eyða meiru en bátar undir 8 metrum.
- Tel mig geta sparað.
- Hægt að keyra á meðalhraða ef vel gengur að veiða.

Eyjafjörður:

Dagar:

- Leyfa veiðar alla daga vikunnar, þá velja menn þá daga sem eru líklegastir til árangurs.
- Leyfa veiðar á fleiri dögum.

Tímabilið:

- Með því að lengja tímabilið sem menn fá til að ná þeim 48 dögum sem úthlutað er, með því móti tel ég að menn séu ekki að róa í leiðinlegum veðrum sem leiðir til minni eldsneytisnotkunar.

Tíminn:

- Fá að liggja eina nótt úti eða landa annan hvern dag.
- Afnema tímamörk.

Skammturinn:

- Vikuskammtur x5.
- Þyrfti að leyfa tvo skammta á einum degi en menn myndu missa tvo daga við það.
- Með því að geta tekið meira magn í land í einu heldur en að sigla kannski langar leiðir með hálftóman bátinn.
- Með því að koma með fleiri en einn dagskammt í ferð (fækkar sóknardögum).
- Hækka kg þakið á hverjum degi.
- Tvo skammta í ferð þegar langt er farið, helmingi minni olía.
- Fækka ferðum eftir þessum kg eða nota segl.
- Bæta við aflann í hverri veiðiferð.

Annað:

- Nota almennt báta með minni vélar við veiðarnar.
- Rafvæða flotann x2.
- Setja Addblue kerfi á vélarnar.
- Með því að breyta sókninni og binda jafnvel daga við bát.

Þingeyjarsýslur:

Skammturinn:

- Leyfa tvöfaldan dagskammt í einum róðri x2.
- Leyfa að veiða magn í hverri veiðiferð x2.
- Vikuskammtur x4.

Veiðisvæði:

- Hugsanlega með að hætta svæðaskiptingu.

Annað:

- Minni vélar, minni eyðsla. Bátar undir 60 kw fái umbun.

- Varla hægt. Bátarnir eru bara í gangi á út- og heimstími á meðan að önnur skip eru alltaf í gangi. Strandveiðibátur mengar mjög lítið.
- Þetta veiðarfæri hefur minnsta kolefnisspor af öllum veiðarfærum og því ætti að auka kvóta til strandveiða og leyfa veiðar í a.m.k. fimm mánuði á ári.
- Frjálsar handfæraveiðar mundu verða mun hagkvæmari pr. ferð. Alltof mikill olíukostnaður við að mega aðeins veiða 700 kg pr. dag.

Austurland norðurhluti (Vopnafjörður – Seyðisfjarðar):

Skammturinn:

- Veiða meira í hverri veiðiferð.
- Vikuskammtur.
- Með því að auka afla í veiðiferð. T.d. koma mætti með allt að 4 daga skammt í 2 veiðiferðum. Stærstur hluti olíunotkunar á strandveiðum fer í keyrslu til og frá miðum. Ath. yrði slíkt fyrirkomulag tekið upp þyrfti að fylgja sú regla að hver einstaklingur mætti aldrei stunda strandveiðar nema á einum bát á hverju tímabili.
- 15 tonn á bát á ári og hann ræður hvernig og hvenær hann veiðir það.

Annað:

- Með hæggengum bátum.
- Er ekki öfgamaður í loftslagsmálum og tel sporin ásættanleg mið við t.d. togveiðar.
- Með því að hygla bátum sem gerður eru út þar sem stutt er á miðin m.a.
- Nota t.d. bætiefni í olíuna sem eykur brunann og minnkar eyðslu.

Austurland suðurhluti (Mjóifjörður – Djúpavogur):

Dagar:

- Hafa meira val um daga til að geta róið við bestu skilyrði.

Tímabilið:

- Lengja tímabilið út september til að fara í betra veðri og í betri afla.
- Bæta september við.
- Annað hvort bæta mánuði framan eða aftan við. Fer eftir landshlutum. Alltof langt að róa á svæði C fyrir litla veiði í maí.

Skammturinn:

- Setja fasta veiðiheimild á hvern bát. Þá hætta menn að berjast í þessu í vitlausum veðrum.
- Mega taka meira á dag en það yrðu ákveðin mörk á heildarmagni í mánuði.
- Vikuskammtur.
- Stækka skammtinn. Allir megi veiða 6-10 tonn eða 10 róðra í mánuði. Mögulega væri hægt að úthluta 15 tonnum á alla báta.

Annað:

- Með takmörkum á öflugum bátum sem eru að sækja 30-40 mílur. Eru það strandveiðar?
- Ekki heimila línubátum og trollveiðibátum að veiða nálægt landi því þeir klára fiskinn þar svo allir strandveiðibátar þurfa að sækja á mið lengra frá landi.
- Kannski endurnýja vélar en þá þurfa að vera aflaheimildir upp í kostnað.
- Auka magnið og bæta september við. Þá ber þetta endurnýjun á gömlum og mengandi vélum.

- Nei, bátar á handfæraveiðum eru ekki í gangi þegar þeir eru á veiðum.
- Eflaust, en þetta eru sennilega vistvænustu veiðarnar x2.
- Rafmagnsbátar eigi að hafa frjálsar veiðar. Það myndi auka þróun í rafmagnsbátum.
- Sé ekki grundvöll fyrir fjárfestingum í bættu kolefnisspori miðað við það aflamagn sem nú er úthlutað á þá daga sem má fara til veiða sé litið til meðaltalsafkomu þeirra sem stunda strandveiðar.
- Endurnýja vélar. Í flestum bátum eru gamlar vélar og slitnar.

Hornafjörður:

Dagar/Tímabilið:

- 48 dagar á bát sem hægt er að nýta á tímabilinu 1. apríl til 30. september.

Skammturinn:

- Meiri afla í róðri x3.
- Frjálsa daga til að fara í betra veðri og betra veðri x2.
- Með því að leyfa mönnum að koma með þann afla sem veiðist hvern dag. Þá þyrfti að vera hámark á hvern bát og það þyrfti að vera 30 tonna lágmark á bát.

Annað:

- Nei held að vistvænni veiðar finnist ekki.
- Ég er með nýja vél. Það minnkaði kolefnissporið mikið.

Suðurland:

Tímabilið:

- Leyfa veiðar eftir 20. mars, sem kæmi þá með apríl vegna 12 daga hrygningarstopps í apríl.
- Leyfa veiðar fyrr á svæði D, þá er stutt að sækja aflann og veiðiferðir styttri en berjast þarf fyrir veiðunum síðsumars á svæði D.

Tíminn:

- Það væri auðvelt. Umbuna þessum hefðbundnu trillum með lengri tíma pr. dag þannig að ekki væri mikill akkur í þessum hraðbátum sem eyða mun meira pr. kíló.

Skammturinn:

- Leyfa meira magn á dag x4.
- Mánaðarskammtur. Annars er mengun af strandveiðum mjög lítil miðað við annan veiðiskap.
- Ákveðið magn á lengra tímabil en daginn.

Annað:

- Það er mjög erfitt en yfirleitt eru bátarnir með litlar og eyðslugrannar vélar. Í okkar tilfelli eyðir báturinn minna en heimilisbíllinn hjá okkur.
- Auka veiðar þannig að menn sjái eitthvað út úr þessu og geti endurnýjað vélbúnað sem hjá velflestum er kominn til ára sinna. Við endurnýjun minnkaði ég eyðslu um 30-40%.

Viðauki 4

Svör við spurningunni „Þegar horft er til framtíðarþróunar strandveiðikerfisins, hvaða breytingar telur þú mest aðkallandi að verði gerðar?“

Höfuðborgarsvæðið:

Dagar:

- Fá að róa eftir veðri en ekki almanaki.
- Fleiri dagar x3.
- Leyfa veiðar alla daga vikunnar.
- Heimila veiðar á sunnudögum.
- Tryggja 12 dagana.
- Meiri sveigjanleiki/frelsi með daga x4.
- Festa 12 daga í mánuði án þess að skilyrða þá við mánudag-fimmtudags.
- Leyfa fimm daga í viku.
- Leyfa alla daga nema rauða daga. Það myndi dreifa úr aflanum yfir mánuðinn og draga úr brælutúrum. Menn myndu sækja dýpra og veiða stærri fisk og það myndi auka verðmæti.
- Leyfa mönnum að róa í 13 daga í mánuði í fimm mánuði, 600 kg af þorski hámark og leyfa mönnum að velja sjódaga.
- Laga sóknardaga að tillögum sjómanna.

Tímabilið:

- Byrja fyrr.
- Byrja fyrr og/eða seinna.
- Eiga val á að byrja í apríl og eins fyrir svæði sem fiskur gengur seinna á að þeir aðilar geti byrjað seinna og náð september.
- Lengja veiðitímabilið x4.
- Lengja tímabilið í sex mánuði.
- Gera mönum kleift að velja fjóra mánuði á tímabilinu apríl-ágúst.
- Gera mönum kleift að velja fjóra mánuði á tímabilinu apríl-september.
- Gera mönum kleift að velja fjóra mánuði á tímabilinu apríl-október.
- Byrja eftir hrygningarstopp á svæði D.
- Tímabilið verði fiskveiðiárið, 48 róðrar á bát og engar frekar íþyngjandi hömlur.

Tíminn:

- Hætta með 14 tíma mörkin.

Skammturinn:

- Taka meira í hverri ferð þó að viku- eða mánaðarskammtur yrði sá sami.
- Meiri sveigjanleiki með magn x3.
- Auka dagsskammtinn upp í 1 tonn.
- Leyfa þeim sem eru tveir á að veiða t.d. 1200 kg – vanur maður + nýliði.

Tegundir:

- Meðafli t.d. ufsi telji ekki inn í hámarkið og fari óskiptur til strandveiðibáts.
- Annar fiskur en þorskur utan kvóta.

Veiðisvæði:

- Landið eitt svæði x3.
- Landið sé eitt veiðisvæði með einn pott.

Annað:

- Auka kvótann x3.
- Það verður að styðja við litla manninn og gera ekki út af við smábátaeigendur.
- Festa dagafjöldann en ekki aflamagn.
- Burt með afladagbækur. Ekkert í þeim er áreiðanlegra en þær upplýsingar sem nú þegar er verið að taka með öðrum hætti. Takmarka aðkomu botntrolls innan við ákveðnar mílur frá landi, allavega yfir helsta tímabil strandveiða. Bæta gegnsæi í kerfinu, hver kaupir fiskinn? aflétta þagnarskyldu innan Fiskistofu.
- Koma í veg fyrir að þetta fari nokkurn tímann í kvóta eða verði framseljanlegt á milli báta.
- Fá fiskmarkað í Hafnarfirði.
- Að komið verði á stöðugleika sem menn geta treyst á. Menn eru að skuldsetja sig og útgjöld mörg þau sömu og um ársúthald væri að ræða.
- Helst ættu handfæraveiðar að vera frjálsar einhverja daga í c.a. 8 mánuði á ári.
- Óbreytt til frambúðar, þá er engin óvissa.
- Að hægt sé að lifa á þessu er takmarkið.
- Algjörlega frjálsar strandveiðar í fimm mánuði á ári.
- Ef við erum að spá í kolefnissporið eigum við að auka veiðar með minni bátum, sem geta farið að nýta sér raforkuna. Það er framtíðin, byrjum strax að hugsa fyrir þessu. En við erum að stefna akkúrat í hina áttina í umhverfismálum. Ég nefni sem dæmi, 2019 komu 7 nýir togarar til landsins. Þessi skip fá að toga upp að ÞREMUR MÍLUM inn á Breiðafjörð og víða. Þeir eru 12 metra breiðir með tvær aðalvélar, tvær skrúfur. Þarna eru menn búnir að svindla sér inn í landhelgina á allt of öflugum skipum. 1980-90 voru togarar 9-10 metra breiðir með 1700-2000 ha vélar, urðu að vera utan við 12 sml mörkin. Þessi nýju skip eru með 2 sinnum 1000 ha og hafa heimildir til að toga upp að þremur sjómílum, hvað erum við Íslendingar að spá?

<u>Suðurnes:</u>

Dagar:

- Leyfa róðra á föstudögum.
- Leyfa mönnum að hafa til umráða fasta daga.
- Veiðar sjö daga í viku.

Tímabilið:

- Lengja tímabilið í sjö mánuði og heildardagar verði 60 og menn geti byrjað á mismunandi tímum ársins eftir því hvar þeir búa.
- Lengja tímabilið í sex mánuði og bæta við 24 dögum.
- Rýmka tímabilið.
- Allt árið og 48 dagar.
- Velja sex daga í apríl og sex daga í ágúst.
- Fjölga mánuðum t.d. 1. apríl til 30. september svo magn af fiski yfir fleiri mánuði valdi ekki verðfalli á mörkuðum vegna mikils magns á hásumarmánuðunum. Það myndi hækka útflutningsverð og minnka sveiflur í fisksölu. 48 dagar áfram.
- Leyfa veiði í sex mánuði í staðinn fyrir fjóra með sama dagafjölda.

Skammturinn:

- Auka dagsafla um 100 kg.
- Auka dagsskammt.

- Vikuskammtur.

Tegundir:

- Leyfa t.d. krabba eða beitukóngsveiðar 3 daga vikunnar.

Veiðisvæði:

- Engin svæðaskipting og 12 daga í mánuði.

Annað:

- Frjálsar veiðar til að auka nýliðun og að afkoma strandveiðikerfisins verði viðunandi.
- Frjálsar handfæraveiðar með takmörkunum á stærð báta og rúllufjölda. Eins og flestir vita er ekki hægt að stunda handfæraveiðar þegar það er kominn kaldi eða meira og straumur með. Þá eru mánuðirnir október-janúar og hálfur febrúar úti vegna birtuleysis.
- Frjálsar handfæraveiðar allt árið x2.
- Meira frjálsræði/frelsi x2.
- I upphafi voru strandveiðarnar settar á til að auka nýliðun. Árangurinn er allur annar. Nær engin nýliðun hefur átt sér stað. Meginástæðan er óhagkvæmni strandveiðanna. Ef ég tek sem dæmi frá mér þá fer ég í róður í mars og kem með tvö til þrjú tonn af þorski í róðri. Á strandveiðinni nokkrum dögum seinna fer ég á sömu mið með sama tilkostnaði þrjár til fjórar ferðir með fjórföldum kostnaði og fjórfaldri mengun. Þetta er sambærilegt ef leigubílstjóri fengi leyfi til farþegaflutninga milli Keflavíkur og Reykjavíkur en mætti aðeins taka einn farþega í ferð.
- Að hver bátur fái sína daga úthlutað árlega án möguleika á framsali með nokkrum hætti.
- Gera kerfið það aðlaðandi að ungir aðilar vilji stunda þessar veiðar.

<u>Akranes og Borgarnes:</u>

Dagar:

- Taka dagana þegar manni hentar best x3.
- 60 dagar fastir á ári sem valdir eru yfir 6 mánuði.
- Bæta föstudegi við.
- Fjölga dögum í 14.
- Að fá bætta rauðu dagana sem við missum og fá í staðinn föstudag eða sunnudag x2.
- Jafnvel að opna á veiðar á sunnudögum.

Tímabilið:

- Byrja fyrr á okkar svæði.
- Lengja tímabilið.
- Hafa tímabilið lengra svo hægt sé að lifa af því.
- Lengja tímabilið í báða enda.

Skammturinn:

- Meiri veiði pr. róður.
- Vikuskammtur. Veður takmarkar veiðar á Faxaflóa alveg nóg.

Veiðisvæði:

- Afnema svæðaskiptinguna.

Annað:

- Það þarf að auka aflamagnið og fjölga dögum sem hægt er að stunda veiðarnar þannig að það sé hægt að lifa af veiðunum. Eins er mjög mikilvægt að við höfum frumkvæðið að því að hefja orkuskipti og við eigum að sýna hversu umhverfisvænir við erum.
- Auka kvótann.
- Ég vil sjá breytingar sem eru meira hvetjandi til að nýta þau tæki og tól sem til eru í landinu og því þarf að sníða reglur sem henta líka ódýrum bátum og búnaði (sem enn er í fullkomnu lagi) þó það virki kannski ekki eins hratt. Jafnvel styrkja slíka útgerð með t.d. afslætti á alls konar gjöldum.
- Að handfæraveiðar verði gefnar frjálsar með skilyrðum um að aldrei komi til þess að leyft verði að braska með þær heimildir og að allur afli fari á markað. Að eigandi báts eða félags rói honum. Ekki þurfum við að hafa áhyggjur af því að handfæraveiðar gangi að fiskistofnum dauðum eða eyðileggi botn eða gróður eins og aðrar veiðiaðferðir gera.
- Auknar heimildir og rýmka má tíma sem stunda má veiðar.

Snæfellsnes:

Dagar:

- Tryggja öllum strandveiðibátum 12 sóknardaga í fjóra mánuði.
- Að menn fái sjálfir að velja sína sóknardaga sjálfir en annars tel ég kerfið að öðru leyti mjög gott.
- Tryggja okkur 12 daga í fjóra mánuði og leyfa veiðar á sunnudögum.
- Bæta við föstudögum, leyfa róðra fimm daga vikunnar.
- Fjölga veiðidögum í mánuði og hafa alla 7 daga vikunnar. Það eykur skilvirkni.
- Fleiri daga og opna helgar.
- Bæta sunnudögum við.
- Fjölga dögum.
- Tryggja veiðar í 48 daga og opna á fleiri róðradaga í viku hverri.
- Mega róa alla daga og þá væru menn ekki að hætta lífi sínu í vondum veðrum. Allir fá x marga daga og mánuðinn til að klára þá.

Tímabilið:

- Bæta apríl og september við x2.
- Lengja tímabilið og leyfa mönnum að byrja í apríl og hætta 1. ágúst eða byrja í júní og út september.
- Leyfa veiðar yfir lengri tíma.
- Lengja í sex mánuði með 10 dögum á mánuði þar sem ég er að kveðja ævistarf mitt í 41 ár og það er mín hugsun að stunda strandveiðar fram að ellilífeyri.
- Lengja tímabilið í sex mánuði með 48 dögum.
- Lengja tímabilið og fjölga þannig mánuðunum til að ná þessum 48 dögum.

Skammturinn:

- Tveir skammtar í einni ferð.

Tegundir:

- Allur meðafli t.d. karfi, langa og keila utan kvóta (annars fer þessi meðafli aftur í hafið – brottkast).
- Fleiri tegundir frjálsar t.d. karfi. Beina okkur meira í ufsa þar sem hann er lítið nýttur.

Annað:

- Að potturinn verði fjarlægður, svæðistakmarkanir verði fjarlægðar og dagafjöldi með aflaþaki pr. dag verði eina stýringin.
- Ég myndi vilja sjá grundvöll fyrir því að geta þetta að heilsársstarfi. Á mínu svæði er hægt að gera út á handfæraveiðar mars-október með ágætum árangri. Allur auka afli og frjálsræði sem sett er í kerfið er til bóta.
- Menn verða aldrei sáttir hvað sem gert er.
- Gefa þær frjálsar. Veðrið sér um róðrafjöldann á þessum litlu bátum sem eru innan við 10 tonn.
- Auka frjálsræði á þessum veiðum samtímis því sem fiskistofnar styrkjast.
- Bæta afkomuna. Ef eftirspurn er eftir stærri potti að þá ætti að stækka hann með heimildum úr byggðakvótum.
- Frjálsar veiðar, miða við 12 daga í mánuði og fjórtán tíma.
- Bátar upp að 10 metrum ættu að vera með frjálsar veiðar því þetta eru umhverfisvænustu veiðarnar. Landa öllum afla á markað og greiða vissa prósentu af sölu afla til ríkisins. Það yrði að vera þak á veiðinni t.d. 10-13 tonn á mánuði þannig að það færi ekki í ólympískar veiðar. Að kallar eins og ég sem eru búnir að vera yfir 45 ár til sjós væru búnir að vinna sér inn frjálsar handfæraveiðar.
- Frjálsar veiðar með 800 kg í 14 daga.
- Auka veiðiheimildir.
- Það er allra hagur að strandveiðar verði efldar fyrir byggðirnar í kringum landið.
- Mín framtíðarsýn er að strandveiðar verði gerðar frjálsar í sex mánuði frá 1. apríl til 30. september.

<u>Sunnanverðir Vestfirðir:</u>

Dagar:

- Tryggja mönnum 48 daga.
- Tryggja 48 daga lágmark og bæta við pottinn svo auka megi jafnt og þétt hvað má veiða á dag.
- Tryggja 12 daga í mánuði óháð kvótapotti.
- Hafa meiri valmöguleika á dögum.
- Bæta sunnudegi inn.
- Hafa frjálsa daga.
- Að allir dagar mánaðarins verði valdagar á þessa 12 daga sem í boði eru öryggisins vegna.
- Sunnudegi bætt við.
- Fleiri daga á viku.

Tímabilið:

- Lengja tímabilið.
- Að menn geti stundað strandveiðar stærri hluta af árinu. Átta mánuðir væru æskilegir.

Skammturinn:

- Auka lítillega við dagsaflann.
- Að bæta jafnt og þétt við heimildirnar svo auka megi afla pr. róður.

Annað:

- Opna kerfið meira.

- Gefa strandveiðar frjálsar.
- Gera þetta þannig að menn geta leyft sér að lifa á þessu. Fyrir suma eins og þá sem eru í litlum sjávarplássum og hafa ekki margt annað að hverfa til í sinni heimabyggð og strandveiðar bjóða uppá ótal störf og meiri tekjur fyrir útgerð og einstaklinga sem og þorpin. Geta líka orðið til þess að endurnýjun smábátaflotans taki góðan kipp því vissulega eru langflestir þessara báta orðnir gamlir og viðhaldslitlir margir hverjir (vantar tekjuafgang til að halda eðlilegu viðhaldi).
- Gott mál væri að flytja afla sem ekki næst yfir á næsta ár.
- Margir strandveiðibátar eru líka á grásleppu- eða makrílveiðum. Ég vil sjá að hver strandveiðibátur fái 48 daga og hefði apríl og út september, til að nýta þá. Báturinn gæti þá einnig veitt makríl og grásleppu innan sama tímabils.
- Gefa strandveiðar frjálsar í 4-6 mánuði á ári með 50-70 tonna aflaþaki. Handfæraveiðar munu aldrei ganga nærri fiskistofnun hvað þá útrýma þeim.
- Afnema strandveiðigjald.

<u>Norðanverðir Vestfirðir:</u>

Lögskráning:

- Að því verði fylgt eftir að eigendur bátanna séu að róa þeim eins og er í reglum um strandveiðar en ekki einhverjir leiguliðar.
- Að eigandi verði skilyrðislaust um borð eins og lög segja.
- Strangari reglur um að eigendur verði að eiga 50% og róa sjálfir.

Dagar:

- Fjölga dögum.
- Tryggja 12 dagana og fjarlægja stoppdagana.
- Rýmri tíma til að taka sína daga.
- Ef ekki viku- og mánaðarskammt þá að fá sunnudag og helgidaga inn.
- Tryggja 12 dagana x2.
- Mikilvægt að hafa möguleika á að veiða hvaða dag sem er.
- Meira frjálsræði gagnvart dagavali.
- Gott kerfi, mætti breyta dögum ef veður hamlar veiði.
- Leyfa sunnudag sem val.
- Tryggja 48 dagana.
- Leyfa veiðar föstudag-sunnudags.

Tímabilið:

- Lengja tímabilið frá apríl – 31. október.
- Lengja tímabilið í sex mánuði og halda þessum 12 dögum = 72 x2.
- Tímabilið verði frá apríl-september og velja 4 mánuði af 6.
- Lengja tímabilið í sex mánuði, apríl-september x2.
- Lengja tímabilið í báða enda og gefa þessa 12 daga frjálsa.

Skammturinn:

- Hækka dagsskammtinn í 1032 kg en vikuskammtur verði áfram 3096 kg.
- Hækka leyfðan dagsskammt.
- Viku- eða mánaðarskammt.
- Frjálsar veiðar með hámarksafla á dag og strangari reglur um umframafla á dag.

Annað:

- Auka frelsi til að haga veiðunum.
- Hafa mánaðarpott til útdeilingar.
- Bæta við aflaheimildum eða fá leigðar aflaheimildir frá ríkinu á 50-70 kr. kg.
- Fækka gjöldum, lækka veiðileyfið um 50.000 kr., lækka eða fella niður veiðigjald og lækka skoðunargjöld.
- Auka aflaheimildir verulega þannig að nýliðun geti orðið.
- Auðvitað eiga handfæraveiðar að vera frjálsar.
- Leyfa færslu á milli ára og setja ákvæði um hafróafla á strandveiðum
- Minnka álögur, byrja á að fella niður strandveiðigjaldið.

Strandir:

Dagar:

- Festa daga á hvern bát til að draga úr sókn þegar veður eru slæm.
- Gera 12 dagana heilaga.
- Fleiri veiðidaga.
- Að menn geti valið hvenær þeir vilji nota þá daga sem þeim er úthlutað.
- Leyfa frjálst val á dögum.

Tímabilið:

- Bæta september við og hafa frjálsar veiðar þessa fimm mánuði.
- Lengja veiðitímabil í sex mánuði.
- Gott ef strandveiðar væru leyfðar í september.
- Hefja fyrr / seinna eftir veiðisvæðum.

Skammturinn:

- Settur verði hámarksafli á hvern bát og sjómenn geti sjálfir ráðið hvenær þeir fiska hann.

Veiðisvæði:

- Afnema svæðaskiptingu nú eða fara með að aftur í upphaflegt horf því breytingin síðast var eingöngu gerð fyrir A svæðið. Hin svæðin munu öll tapa á þeirri breytingu í framtíðinni ef heildarpotturinn verður ekki aukinn.
- Opna svæði.

Annað:

- Auka aflann og láta krókaveiðar sjá um nýtingu fiskistofna innan 12 mílna.
- Meiri kvóti, fleiri dagar.
- Bæta kvóta í heildarpott.
- Opna kerfið svo það sé ekki svona íþyngjandi.

Norðurland vestra:

Lögskráning:

- Sjá til þess að það séu bara raunverulegir eigendur að róa bátunum.

Dagar:

- Leyfa veiðar á sunnudegi.
- Að tryggt verði að allir bátar fái 12 daga á mánuði og eigi ekki á hættu að veiðar verði stöðvaðar.
- Bæta sunnudegi við.
- Leyfa veiðar alla daga x2.
- Tryggja að allir fái 48 daga.

- Bæta sunnudögum og lögbundnum frídögum við leyfilega róðrardaga.
- 48 daga eða helst fleiri þannig að árstekjur náist í greininni og menn geti einbeitt sér eingöngu að krókum ef þeir kjósa þann útgerðarkost.

Tímabilið:

- Velja sér tímabil frá apríl til og með september, það er misjafnt hvað hentar best.
- Ætti að skoða að lengja tímabilið í báðar áttir og fjölga dögum með sama hámarksafla.
- Bæta við apríl og september x2.
- Lengja tímabilið.
- Fjölga mánuðum.
- Fjóra mánuði að eigin vali, í fjórar vikur og fjóra daga í viku og aflaheimildir sem duga fyrir því.
- Hafa strandveiði allt árið.

Tíminn:

- Taka út 14 tíma mörkin x2.

Skammturinn:

- Auka í vikuskammtinn.
- Að menn geti farið færri róðra og veitt meira í hverri ferð þó að menn fari ekki yfir eitthvað hámark.
- Breyta dagskammti í vikuskammt.
- Hafa vikukvóta.
- Þak á afla og annað frjálst, nóg að hafa 14 tíma regluna.
- Leyfa mönnum að koma með tvöfalt magn sem teljast þá sem tveir dagar og spara olíu.

Tegundir:

- Allt nema þorskur utan kvóta.

Annað:

- Að þær verði frjálsar fyrir báta undir 8 metrum með heildarveiðimagni upp á 500 kg pr. dag.
- Frjálsar strandveiðar innan vissra marka.
- Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að hafa það óbreytt og opna annað kerfi þar sem menn geta leigt kvóta af ríkinu svipað og var gert með makrílinn.
- Engar breytingar.
- Ætti að gefa handfæraveiðar frjálsar líkt og Norðmenn eru að gera.
- Meiri kvóta x3.
- Eins og kerfið er í dag verður engin endurnýjun, kerfið er of dýrt í rekstri.
- Sleppa byggðakvótanum og stækka strandveiðipottinn. Sveitarfélagið Skagafjörður er að fá 140 tonn í byggðakvóta!!! Fisk-Seafood!!! Þetta er ekki í lagi.
- Kvóti sem ekki klárast fer á næsta ár.
- Frjálsar handfæraveiðar, 4 rúllur á hvern bát og bátar yfir 10 metrum geti ekki verið í þessu kerfi.

Eyjafjörður:

Lögskráning:

- Reglum um að aðeins eigendum báts verði skylt að vera um borð verði framfylgt.

Dagar:

- Að lágmarki 48 dagar sem menn geta sjálfir valið hvenær þeir eru notaðir x2.
- Bæta sunnudegi við.

- Leyfa 12 daga í mánuði sama hvaða vikudag um ræðir x2.
- Fjölga valdögum innan mánaðar.
- Auka frjálsræði í veiðidögum x2.
- Fjölga veiðidögum til hagsbóta fyrir minnstu bátana.
- Að við þurfum ekki að vera á veiðum í vondum veðrum til að dagarnir brenni ekki inni eins og sýndi sig í fyrrasumar.
- Val um hvaða dag sem er í mánuðinum.
- Meira frjálsar veiðar í dögum talið.
- Bæta við einum degi.
- Veiða alla 12 dagana óháð heildarkvóta.
- Að leyft verði að veiða alla daga í viku hverri.

Tímabilið:

- Hafa tímabilið a.m.k. sex mánuði.
- Lengja í báða enda.
- Veiðitímabilið verði frá 1. júní – 30.september.
- Lengja tímabilið um einn mánuð. Leyfa A og B svæði að byrja í apríl til enda ágúst og C og D svæði byrja í maí og til enda september. En þá þarf eðlilega að auka heildarkvóta.
- Lengja tímabilið í sex mánuði. Þá er möguleiki að framfleyta sér á ársgrundvelli með leigukvóta hinn hlutann.
- Tveir mánuðir í viðbót – apríl og september (24 dagar). Apríl kæmi vel úr fyrir Suðurland og september fyrir Norðurland.
- Tvo mánuði inn (viðbót).
- Að hafa strandveiðitímabilið frá byrjun maí til enda september. Leyfa bátum sem stunda þessar veiðar að róa þessa 12 daga í mánuði og ekki vera að stoppa veiðar vegna of mikils heildarafla. Sekta þá sem koma ítrekað með umfram dagsafla.
- Lengra tímabil.
- Bæta september við.

Skammturinn:

- Hækka dagsskammtinn.
- Hærra kg-þak pr. dag.

Veiðisvæði:

- Opna á milli svæða og að landið sé eitt svæði.

Annað:

- Auka kvótann x4.
- Leyfa frjálsar handfæraveiðar báta undir 10 metrum.
- Gera þarf auðveldara að koma nýjum mönnum inn í greinina t.d. með því að minnka álögur, hafnargjöld, veiðigjöld og auka kvótann í greininni! Það mætti auka kvótann með því að taka af byggðakvótanum inn í greinina sem myndi vera mun réttlátara heldur en núverandi byggðakvótastefna!
- Auka magn í pottum, svo mun tíminn leiða í ljós hvað verður mikil endurnýjun í hópnum.
- Frjálsar veiðar.
- Tryggja það mikið magn í kerfinu svo ekki komi til stöðvunar í ágúst.
- Gefa frjálsar handfæraveiðar.

- Stærri kvóti og meira sé horft til að þetta sé hluti af hagkerfinu en ekki ölmusa. Athuga að lítil bæjarfélög víða um land voru hálfdauð fyrir strandveiðina en á sumrin er nú umtalsvert líf og fjör. Þessar veiðar draga að ýmiskonar jákvæða þætti.
- Strandveiðitímabilið verði frjálst þannig að hámarksafli á bát á hverju ári verði til þess að hægt verði að lifa á þessum veiðum. Allt framsal verði stranglega bannað.
- Halda þessu fyrirkomulagi óbreyttu.
- Klikkuð spurning. Til þess að fiskur fáist á handfæri þurfa að vera góð skilyrði í hafinu. Ef ekki er fiskur og ekki æti fæst ekki fiskur á handfæri. Ef sá sem les þetta áttar sig ekki á þessu þá skiptir ekki máli um hvað var spurt.

Þingeyjarsýslur:

Lögskráning:

- Herða eftirlit með að eigendur báta séu sjálfir að róa, mikill misbrestur á því undanfarin ár.

Dagar:

- Að menn fái að ráða hvenær þeir róa og ekki séu settar kvaðir sem búa til hvata að menn rói í hvaða veðri sem er bara til að brenna ekki inni með daga eins og nú er. Tel mikla mildi að ekki hlaust slys af síðasta sumar vegna slæmrar veðráttu sérstaklega norðan- og austanlands.
- Að mega velja 4 af 6 dögum vikunnar.
- Hafa fastan dagafjölda í mánuði en menn ráða hvenær þeir róa x2.
- Meiri sveigjanleiki í dagavali.
- Afnema 12 daga kerfið. Ástæðan er að menn voru að sækja í alltof slæmum veðrum því að þegar var farið út í stuttan tíma vegna veðurs þá taldi það sem einn dagur. Menn voru ekki að fórna dögum útaf því og sóttu þá frekar þó að slæmt veður væri. Ég sjálfur lenti margoft í því og tapaði fiskikari í sjóinn útaf því að ég var að sækja í of slæmu veðri.

Tímabilið:

- Sex mánuðir á ári og auknar heimildir.
- Lengri tími á árinu og fleiri tonn.
- Lengja tímabilið í báða enda.

Skammturinn:

- Leyfa tvo skammta í einu.
- Leyfa að veiða kvótann í eins fáum ferðum og hægt er, best að gefa þær frjálsar.

Tegundir:

- Fjölga tegundum utan kvóta. Bæta við gullkarfa.

Veiðisvæði:

- Skipta pottinum á landssvæði.
- Afnema sameiginlegan pott.
- Að mönnum verði frjálst að fara á hvaða veiðisvæði sem er.

Annað:

- Frjálsar handfæraveiðar.
- Óbreytt.
- Heildarmagn verði 12.000 tonn eins og upphaflega var ætlað.
- Minnka hömlur í rólegum skrefum og auka traust manna á kerfinu svo menn sjái sér og sínum farboða af veiðunum.
- Afnema sérstakt gjald af strandveiðum.

- Auka afla strandveiða og reyna að heimta aftur lífsbjörgina, sem var tekin með lögum sett á Alþingi 1990 þegar frjálst framsal kvóta var heimilað. Þorp og bæir sáu í þúsundum tonna á eftir lífsbjörginni, sem þau höfðu frá aldaöðli, en bankar og stórútgerðin sáu um að hrifsa frá þorpunum á strandlengjunni umhverfis Ísland.

Austurland norðurhluti (Vopnafjörður – Seyðisfjarðar):

Dagar:

- Gefa veiðar meira frjálsar. Leyfa mönnum að róa fleiri daga ef brælur hamla sókn.
- Bæta sunnudögum við.
- Tryggja 48 daga.

Tímabilið:

- Tryggja að ekki þurfi að stoppa áður en tímabili lýkur.
- Fjölga mánuðum.
- Veiðitímabilið verði frá 1. apríl til 30. september í fjóra mánuði samfellt eftir að bátur hefur veiðar.
- Fimm mánuðir og bæta í pottinn.
- Fjölga veiðidögum t.d. hér á svæði C 15 daga í apríl og 15 í september.

Skammturinn:

- Viku- eða mánaðarskammtur.

Annað:

- Aukið frjálsræði, aukið aflamagn.
- Engar breytingar á meðan ekki er búið að tryggja 48 daga sóknina.
- Heildarpotturinn stækki.
- Stórauka heildarafla.
- Tryggja að allir fái eitthvað lágmark.

Austurland suðurhluti (Mjóifjörður – Djúpavogur):

Dagar:

- Veiða alla daga vikunnar.
- Setja 48 daga fasta.
- Leyfa fleiri daga. Geta t.d. farið á sunnudegi og selt á markaði á mánudegi.
- Fjölga dögum.
- Sunnudegi bætt við, 12 dagar í mánuði festir með lögum og hámarksafli á bát í þorski það sama og verið hefur.
- Að valkvætt sé hvenær innan vikunnar þeir fjórir dagar sem eru leyfðir til veiða eru nýttir.
- Frjálsara val um veiðidaga.
- Leyfa veiðar á sunnudögum og leyfa öllum að fara í 10 róðra á mánuði óháð því að menn séu í fríi t.d. fyrstu viku mánaðarins.

Tímabilið:

- Að þessir fjórir mánuðir yrðu breytilegir þannig að þú gætir byrjað í apríl þar sem það hentar og í júní annars staðar og þá búinn í júlí eða september.
- Lengja tímabilið í báðar áttir/enda og auka aflaheimildir x2.
- Lengja tímabilið í fimm mánuði.
- Bæta apríl og september inn x2.

- Bæta september við fyrir svæði C og fyrir önnur svæði sem vilja byrja mánuði fyrr.
- Lengja tímabilið fram á haustið.

Skammturinn:

- Meiri refsing fyrir þá sem koma ítrekað með of mikinn afla að landi. 0-30 kg eru eðlileg frávik. En að koma ítrekað með 100-200 kg umfram ætti að útiloka menn frá veiðum.
- Setja vikmörk á vigtun vont að vigta með augunum með eins kílós nákvæmni.
- Einnig leyfa viðbót að 770 kg þá róðra, sem lítið veiðist. Til dæmis vegna brælu. En auðvitað þarf engar takmarkanir á sókn, og afla smábáta. Veður, straumar og fiskigengd eru nægar takmarkanir fyrir handfæraveiðar.
- Mest aðkallandi er að breyta þessu 12 daga rugli og leyfa bátum frekar að fiska hámarksafla pr. viku eða mánuð.

Annað:

- Setja fasta hlutdeild á hvern bát.
- Leyfa frjálsar veiðar þessa daga sem nú er heimilt að veiða með takmörk á skammti dagsins en án þess að vera með takmarkanir á heildarmagni.
- Auka magnið mætti taka viðbótina af sértækum byggðakvóta, sem er ekkert nema svindl og svínarí og bara nokkrir lukkuriddarar sem græða á þessu með mismiklu svindli ...
- Bestu framtíðarhorfur eru að strandveiðar verði frjálsar.
- Auka kvóta.

<u>Hornafjörður:</u>

Dagar:

- 48 dagar verði festir á hvern bát þannig að kerfinu verði ekki rústað af stórútgerðinni.
- Dagarnir verði frjálsir vegna veðurs.
- Festa dagafjölda pr. bát og rýmka sóknartíma með fækkun banndaga.
- Þarf ekki að breyta miklu bara að leyfa mönnum að ráða því á hvaða dögum er róið.
- 48 dagar tryggðir á bát og sóknardagar valkvæðir innan tímabils.
- Úthluta 48 dögum á bát sem nýta má að vild á tímabilinu 1. apríl til 30. september. Þá geta menn róið þegar að veður er gott, fiskurinn til staðar og fiskurinn er á markaði yfir lengra tímabil.
- Að öllum verði tryggðir 4 dagar á viku út strandveiðitímabilið.

Tímabilið:

- Apríl-september.
- Sex mánuðir á ári, tryggja 4 daga í viku í sex mánuði.

Tegundir:

- Sama hámarki í þorski pr. sóknardag en aðrar tegundir telja ekki.
- Frjálsar ufsaveiðar.
- Auka þorskskammtinn á dag og gefa ufsann frjálsan.
- Allur annar fiskur en þorskur fylgi frítt með.

Annað:

- Þyrfti að setja hámark á hvern bát, það mikið að menn geti lifað af og það geti verið nýliðun í greininni.

Suðurland:

Dagar:

- Leyfa veiðar á rauðum dögum og um helgar, til vara leyft að veiða á sunnudögum. Þá er afli einhverstaðar til á mánudagsmorgni og getur hentað einhvers staðar þó að það sé bræla á öðru svæði.
- Hafa alla vikuna inni, þú getur valið daga.
- Leyfa róðra alla daga vikunnar.
- Leyfa veiðar á sunnudögum og lögbundnum frídögum.
- Skoðandi að leyfa veiðar á sunnudögum svo menn hefðu val um að dreifa sókninni og mæta betur brælutíð.
- Leyfa veiðar á sunnudögum.

Tímabilið:

- Tímabilið 1. mars-30. ágúst, samtals 48 dagar og ráða hvenær veiðidagar eru nýttir. Fiskurinn farinn af svæði D miðsumars.
- Mest aðkallandi er að fá að velja daga innan þessa 47 daga sem kerfið býður upp á með tilliti til veðurs og annarra utankomandi þátta. Í okkar tilfelli á okkar svæði, kæmi okkur best að færa tímabilið fram um einn mánuð og sleppa í staðinn ágústmánuði.
- Fá að byrja tímabilið fyrr í sumum landshlutum (og enda það fyrr) og að sama skapi að byrja tímabilið síðar og enda það síðar í öðrum landshlutum.
- Byrja veiðar í apríl.
- Lengja í sex mánuði, festa 72 daga í sessi.
- Leyfa mönnum að velja mánuðina fjóra sjálfir, mjög misjafnt eftir svæðum.
- Lengja tímabilið. Bæta við apríl og sept. jafnvel þó þeir fengju ekki nema átta daga hver, svona til að draga úr hvatanum til að sækja í misjöfnu veðri, enda kannski verri veður þá en hina mánuðina.

Skammturinn:

- Best væri að gera upp 12 daga pr. mánuð, þannig að maður borgi umframafla eftir mánuðinn 650 kg X12 = 7800 kg slægt. Þannig að ef maður er með t.d. með 710 kg slægt geti maður verið með minni afla næsta dag og þetta jafnast út.
- Jafnvel að leyfa ákveðinn mánaðarskammt í stað þess að miða við hámark á dag.

Tegundir:

- Ufsann frjálsan.

Veiðisvæði:

- Afnema svæðaskiptingu.
- Skip geti valið sitt tímabil óháð veiðisvæði og 48 dagar á ári.
- Afnema svæðaskiptinguna og landið verði eitt veiðisvæði.
- Afnema svæðisskiptinguna.

Annað:

- Skil ekki þann tittlingaskít að hirða 20 prósent af okkur, virðist vera eini tilgangurinn að passa að við höfum örugglega ekkert út úr veiðunum.
- Aukinn afli og fleiri dagar.